

SUNDSAMBAND ÍSLANDS

**ÞINGGERÐ
61. SUNDPINGS**

2015

61. þing Sundssambands Íslands

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 6. og 7. mars 2015

Þinggerð

Dagskrá Sundþings 2015

föstudagur

kl. 16:00 Skráning þingfulltrúa hefst

1. Þingsetning og ávörp (17:00)

2. Kjör kjörbréfanefndar

3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar (17:30)

4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ

5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt

6. Kosning starfsnefnda þingsins

7. Skýrsla stjórnar (18:00)

8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga

10. Afgreiðsla reikninga

11. Tillögur kynntar og vísað til nefnda

12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda

kl. 18:45 – 19:15 Léttur kvöldverður

13. Nefndastörf (19:15 – 22:30)

laugardagur

kl. 08:30 Morgunhressing

14. Fjárhagsáætlun – afgreiðsla (09:00)

16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum (09:30)

17. Kosningar (11:00)

18. Önnur mál

(11:30)

kl. 12:30 Hádegishlé

kl. 13:00-17:00 Ráðstefna um útbreiðslu sundíþróttar á Íslandi

19. Þingslit (17:30)

kl. 17:30 - 18:00 Veiting heiðursmerkja SSÍ, ávörp

kl. 18:00 Kvöldverður þingfulltrúa og ráðstefnugesta

Léttar veitingar og skemmtilegt spjall í kjölfarið

Vakin er athygli á því að kosningar hefst kl. 11.00 á laugardeginum stundvíslega þó afgreiðslu tillagna sé ekki lokið.

Föstudagur 6. mars 2015

Setning þingsins

Formaður Sundsambands Íslands Hörður J Oddfríðarson býður þingfulltrúa velkomna og skýrir frá fyrirkomulagi þingsins og hvetur þingfulltrúa til að taka þátt í ráðstefnu sem verður eftir hádegi laugardag í sambandi við uppbyggingu sundíþróttarinnar, höfum fengið til okkar frá Noregi starfsmann norska sundsambandsis og Jacky Pellerin.

Hörður býður gesti velkomna, Sóleyju Tómasdóttur forseta borgarstjórnar og Hafstein Pálsson fulltrúa framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Sóley Tómasdóttir ávarpar þinggesti: Að æfa íþróttir snýst ekki bara um að vera bestur heldur stefna að ákveðnu markmiði og hafa gaman af iðkuninni leiðin að markmiðinu samskipti og samvinna við annað fólk sem gefur íþróttinni gildi. Íslenskt samfélag væri svo miklu fátæklegra ef ekki væri fyrir þúsundir barna og unglinga, foreldra og þjálfara og forystufólks íþróttafélaga sem kemur saman á hverjum einasta degi og nýtur hreyfingar og uppeldis og þjálfunar í ólíkum íþróttagreinum. Íþróttahreyfingin er til marks um að hver einasti iðkandi er stærri en hann einn og sjálfur. Íþróttafélög gefa íþróttaiðkendum sjálfstraust og lífsfyllingu, við verðum hluti af heild, við tilheyrum hópi og eigum þannig hlutdeild í sigrum og ósigrum hvers annars. Íþróttafélögin mynda svo íþróttahreyfingu þar sem hvert og eitt félag er stærra heldur en það sjálft, hreyfingu þar sem félögin verða hluti af heild, tilheyra hópi og deila sigrum og ósigrum hvers annars. Sundsambandi Íslands hefur tekist að mynda mikilvæga umgjörð utan um iðkendur íþróttarinnar, við Reykvíkingar megum vera stolt af sundiðkendum okkar, hæfileikaríku íþróttafólki sem að hefur náð frábærum árangri eftir þrotlausar æfingar og mikla vinnu. Ég hlakka til að fylgjast með okkar fólki og reyndar annarra líka á Smáþjóðaleikunum í sumar. Reykjavíkurborg hefur gert allt sem að í hennar valdi stendur til þess að skapa góða umgjörð og aðstöðu til leiks og keppni og skipuleggjendur og sjálfbodaliðar leggja nú nótt við nýtan dag til að undirbúa og tryggja að allt fari þar vel fram. Ég vil fyrir hönd Reykjavíkurborgar fyrst og fremst þakka ykkur í Sundsambandinu fyrir ómetanlegt framlag til farsæls og heilbrigðs samfélags, fyrir óeigingjarnt starf í þágu hreystis og almennrar lífsgleði sem að við Reykvíkingar öðlumst í gegnum þessa íþrótt. Ég óska ykkur velgengni í ykkar störfum hér á þinginu, í æfingum og keppni í ár sem og endranær og hlakka til að fylgjast með árangrinum. Takk fyrir og góða skemmtun.

Formaður þakkar Sóleyju fyrir og tekur fram að það hafi verið ánægjulegt samstarf við þá sem hafa staðið að skipulagningu Smáþjóðaleikanna, Reykjavíkurmegin.

Hafsteinn Pálsson tekur til máls, byrjar á því að flytja kveðjur forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra og þakka fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Það eru ófáir fundirnir og ófáar nefndirnar þar sem þarf að snúa bökum saman og vinna að sameiginlegum markmiðum og lenda málum og fyrir þátttöku í því og gott samstarf ber að þakka. Ég kem gjarnan á öllum sérsambands þingum og héraðssambanda þingum sem að ég kem á inn á mikilvægi okkar ágætu fyrirtækja Getspár og Getrauna og minni á okkar hagsmuni í hreyfingunni að standa vörð um þessi fyrirtæki og hvet ykkur til þess að nýta þá möguleika sem þið hafið, sérstaklega þá getraunamegin, við að ná að fjármagna hluta af starfinu og þar eru sum félög til muna duglegri en önnur og sem hafa sem voru til þess að gera lítið virk, má þar nefna Víkinga sem ákváðu að efla þetta starf um allan helming og þeim hefur tekist sérstaklega vel til. Hvet ykkur til að kynna ykkur það ef að þið teljið möguleika á því að sækja fram þar. Nú það var komið inn á Smáþjóðaleikana, þetta er ekki lítið verkefni fyrir okkar þjóð og okkar hreyfingu að takast á við og ef við notum hausatöluregluna vinsælu þá er það í raun mun stærra verkefni fyrir okkur að ráðast í Smáþjóðaleika heldur en fyrir sumar stórþjóðir að ráðast í Ólympíuleika, þannig að þetta er ekki lítið verkefni sem að við erum að ráðast í og við hjá ÍSÍ þökkum vissulega fyrir samstarfið við Reykjavíkurborg og ríkið varðandi það verkefni. En við erum að stússast í fleiru en að halda Smáþjóðaleika, við vorum að ljúka Lífshlaupinu núna, átaksverkefninu, en ég minni á að einstaklingskeppnin heldur áfram allt árið og hvet þá sem hugnast það að nýta sér þetta til að hvetja sig til dáða og jafnframt að minna aðra á að það eru möguleikar á nýskráningu og það eru margir sem nýta sér

Þetta til þess að halda sér við efnið. Svo af fleiri verkefnum ÍSÍ þá er Hjólað í vinnuna í vor og Kvannahlaupið, minnst þess að þegar verkefnið Hjólað í vinnuna hófst þá voru ekki margir sem höfðu trú á þessu verkefni og væri hægt að reikna með þar hundruð og það yrði stórkostlegur árangur ef það næðist hátt í þúsund. En þjóðin hefur ákveðið að þetta væri verkefni sem skemmtilegt væri að taka þátt í, að vísu hefur þetta verið í maí og það hafa komið upp ákveðnar hindranir, veðurguðirnir hafa ekki verið okkur hliðhollir. Ég vænti þess að þingið verði starfsamt og það verði teknar góðar ákvarðanir til þess að fleyta hreyfingunni á enn hærri stall og þakka fyrir að fá að ávarpa ykkur hér í dag. Óska þess að árið í ár að það verði eins og öll önnur einstaklega gott sundár.

Formaður þakkaði Hafsteini fyrir hans orð og óskaði eftir kveðjum til framkvæmdastjórnar ÍSÍ en þó einnig til starfsfólks ÍSÍ sem er einstaklega liðlegt að leysa úr þeim málum sem koma upp og alltaf gott að leita til þeirra.

Kosning kjörbréfanefndar

Tilnefndar hafa verið Hlín Ástþórsdóttir, Lóa Birna Birgisdóttir og Ingibjörg Helga Arnardóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Kjörnir þingforsetar og þingritarar

Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ gerði tillögu um Hafstein Pálsson og Benedikt Sigurðarson og var það samþykkt. Formaður er einnig með tilnefningu á þingriturum og eru Harpa Kristín Einarsdóttir og Hlín Ástþórsdóttir tilnefndar, ekki fleiri tillögur og eru þær því rétt kjörnar.

Þingforseti tekur til máls og kynnir næsta dagskrá lið sem eru heiðursviðurkenningar, bauð formanni SSÍ að kynna það.

Tilnefning til heiðursviðurkenninga SSÍ

Hörður J. Oddfríðarson mælti fyrir þingskjali nr. 2015-05 um heiðursviðurkenningar

Gullmerki

- Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir
- Gísli Kristinn Lórenzon
- Hafþór Guðmundsson

Silfurmerki

- Halldór Hafliðason
- Ingi Þór Ágústsson
- Jón Oddur Sigurðsson
- Karen Malmquist
- Kristín Guðmundsdóttir
- Málfríður Sigurhansdóttir
- Ólafur Baldursson
- Unnur Sædis Jónsdóttir

Þjónustumerki

- Þingfulltrúar á 61. sundþingi

Afhending merkjanna fer fram við þingslit.

Greinargerð

Gull- og silfurmerki SSÍ – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitunum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða

silfri – og skal grunnur vera í sama efni. Stjórn SSÍ gerir tillögur til Sundþings ár hvert um veitingu viðurkenninga.

Gullmerki SSÍ má einungis veita íslenskum ríkisborgurum og skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburðaárangri meðal íslenskra sundmanna.

Silfurmerki SSÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skulu sundmenn sem náð hafa viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

Þjónustumerki SSÍ má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.

Um einstaklingana:

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir er fædd 1974. Hún er fyrrum landsliðskona í sundi var ma keppandi á Smáþjóðaleikum fyrir Íslands hönd. Arna Þórey átti hefur starfað lengi í sundhreyfingunni, eftir að hún hætti æfingum í keppnissundi hóf hún að þjálf sundfólk fyrst hjá Sundfélaginu Ægi en hin síðari ár hjá Sunddeild Breiðabliks. Arna Þórey hefur setið í stjórn Sundfélagsins Ægis og einnig í ýmsum nefndum SSÍ nú síðast í Þjálfaráði SSÍ. Hún hefur jafnframt farið sem þjálfari í mörg landsliðsverkefni fyrir hönd SSÍ og ávallt reynst sundfólkinu sem hún sinnir einstaklega vel. Hún hefur lagt hug sinn og hjarta í sundhreyfinguna sem athafnamikill sundmaður og þjálfari.

Gísli Kristinn Lórenzon er fæddur 1937. Hann hóf ungur þáttöku í starfi Íþróttafélaga og lagði að mörkum lengi með Íþróttafélaginu Þór á Akureyri og Skíðaráði Akureyrar. Kunnastur er hann eflaust fyrir langt og farsælt starf að Andrésar Andarleikum barna á skíðum sem fara fram í Hlíðarfjalli.

Árin 1996 til 2007 var hann forstöðumaður Sundlaugar Akureyrar. Á þeim vettvangi lagði Gísli Kristinn eða Kiddi Lór eins og flestir kunnugir tala um hann, sinn metnað í að byggja upp aðstöðu á fyrir sundíþróttina á Akureyri og til að auðvelda sundmönnum sundfélagsins Óðins að skila árangri. Kiddi Lór fylgdist með sundfólki Óðins og studdi þau í keppni og ma. heimsótti hann þau á sundmót í höfuðborginni. Hann eignaðist venskap þeirra margra til framtíðar.

Sundsamband Íslands átti farsælt samstarf við Gísla Kristinn og Sundfélagið Óðinn um framkvæmd AMÍ á starfstíma hans. Mótin fóru fram á Akureyri amk 7 sinnum á þessu tímabili og hafa orðið mörgum sundmönnum og fjölskyldum þeirra minnisstæð.

Sundsamband Ísland vill heiðra Gísla Kristinn Lórenzon fyrir störf sín í þágu sundíþróttarinnar og ágætt samstarf við hann sem forstöðumann Sundlaugar Akureyrar.

Hafþór Guðmundsson var ungur að leika sér í sundi með félögum sínum þegar Erlingur Jóhannsson sá í honum efni. Síðan þá hefur hann verið viðloðandi sundhreyfinguna. Hann var sundmaður í Sunddeild KR þar sem hans besti árangur var í baksundi, flugsundi og fjórsundi. Hann var landsliðsmaður í sundi og keppti ma landskeppnum gegn Skotlandi, á NMU 1976 og svo stundaði hann sundknattleik á síðari hluta ferilsins. Hafþór var þjálfari hjá Sunddeild KR, Sundfélaginu Ægi og Sunddeild Ármanns auk þess að þjálf hjá Sunddeild Stjórnunnar en þá deild stofnaði Hafþór. Hann var landsliðsþjálfari bæði í einstökum verkefnum en einnig sem fastur maður í því rúmi. Hafþór fór með landsliðinu á Ólympíuleikana í Los Angeles 1984 og var einnig í stöðunni frá árinu 1997 til 1998.

Hann var formaður Sunddeildar KR 1978-1980.

Hafþór hefur setið í landsliðsnefnd, fræðslunefnd og fleiri nefndum SSÍ og hann var um langt árabil fulltrúi Íslands í fræðslunefnd Norræna sundsambandsins. Hann vann ásamt öðrum mikið starf við að koma þjálfaramenntakerfinu okkar í nothæft form og stóð á bakvið það verkefni eins og klettur. og Hann hefur alið upp íslenskt sundfólk á ýmsa vegu, bæði sín eigin börn og annarra, verið lærifaðir þeirra sem sundmanna en ekki síður sem þjálfara.

Halldór Hafliðason er fyrrum sundmaður hjá Sundfélaginu Ægi. Undanfarin ár hefur hann veitt forstöðu Grafarvogslaug og svo Vesturbæjarlaug í Reykjavík.

Ingi Þór Ágústsson er fyrrum sundmaður og var á tímabili hluti af öflugu teymi fólks sem hélt uppi merkjum Vestra á Ísafirði. Ingi Þór hefur tekið að sér þjálfun fyrir félög hér í Reykjavík á undanförunum árum og situr í framkæmdastjórn ÍSÍ. Hann hefur verið í stjórn SSÍ undanfarin ár og borið sem slíkur mikla ábyrgð á landsliðum SSÍ, en er nú að láta af stjórnarstörfum.

Jón Oddur Sigurðsson er fyrrum landsliðsmaður í sundi og er þjálfari Sunddeildar KR. Hann sat í stjórn SSÍ til ársins 2014 þegar hann þurfti að hverfa til annarra starfa.

Karen Malmquist hefur setið í stjórn SSÍ þar til hún tók sér leyfi frá störfum árið 2013, en hefur sinnt mörgum mismunandi hlutverkum innan sundhreyfingarinnar.

Kristín Guðmundsdóttir hefur verið viðloðandi sundhreyfinguna um langt árabil. Hin síðari ár hefur hún beint kröftum sínum að fötluðu sundfólki og ma verið landsliðsþjálfari fatlaðra. Hún er einnig með dómgæsluréttindi og óþreytandi við að sinna sundmálum.

Málfríður Sigurhansdóttir hefur setið í stjórn SSÍ undanfarin ár auk þess sem hún hefur sinnt mörgum mismunandi hlutverkum innan sundhreyfingarinnar.

Ólafur Baldursson sat í stjórn SSÍ til ársins 2013 og gengdi þar hlutverki ritara. Hann fóstraði dómgæslumálin fyrir hönd stjórnar og sat áfram í Dómara-, móta- og tækninefnd sambandsins eftir setu í stjórn. Ólafur sat á alþjóðlegum lista dómara og hefur farið fyrir hönd SSÍ á ýms námskeið og fræðslufundi.

Unnur Sædís Jónsdóttir er sjúkrapþjálfari og hefur farið í mörg landsliðsverkefni sem slík. Hún hefur farið á Ólympíuleika 2012 og einnig í önnur verkefni svo sem Smáþjóðaleika, HM og EM.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2015-03 Skýrsla stjórnar

Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ vildi í upphafi mynnast Helga Hannessonar sem að lést nú nýlega hann var kallaður faðir sundsins á Akranesi og var við störf í Bjarnarlaug með það virðulega starfsheiti sundlaugarvörður með kennsluskyldu. Hann var forstöðumaður þar allt þar til að hann fór á eftirlaun, frá 1961. Hann var þjálfari hjá Sundfélagi Akraness í rétt rúm þrjátíu ár og var í hópi betri sundmanna félagsins um langa tíð, hann var einnig virkur knattspyrnumaður og hann hafði góð samskipti við íþróttafólk af öllu tagi en hafði afskipti af öllu besta sundfólki Akraness frá 1961 til 1995 td þeim Guðjóni Guðmundssyni og Ragnheiði Runólfsdóttur. Þingfulltrúar risu úr sætum og mynntust Helga með mínútu þögn. Hörður þakkar þeim sem hafa lagt af mörkum og minnir á að skýrslan liggir fyrir á heimasíðu SSÍ. Hörður stiklar á stóru varðandi atriði skýrslunnar.



ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2013-2015

**Yfirlit yfir nefndir og stjórnir SSÍ,
Skýrsla stjórnar SSÍ
Skýrslur nefnda SSÍ**

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT.....	8
ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2013 og 2014.....	9
Sundþing 2013.....	9
Þingforsetar	9
Þingritari	9
Kjörbréfanefnd.....	9
Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2013.....	9
Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga.....	9
Kjörin á sundþingi.....	9
NEFNDAFÓLK SSÍ	10
SKIPAÐ AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2013-15.....	10
Aga- og siðanefnd:	10
Almennings- og skólanefnd:	10
Dómara-, móta- og tækninefnd:	10
Dýfinga- og sundfiminefnd.....	10
Fræðslu- og kynningarnefnd:	10
Garpanefnd.....	10
Kjörnefnd:	10
Landsliðsnefnd:.....	10
Lífsbjörg:.....	10
Mannvirkjanefnd:.....	10
Viðavatnssund.....	10
Þjálfaranefnd:	10
Launaðir starfsmenn SSÍ 2013-2015	10
SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIÐ 2013-15.....	11
Inngangur.....	11
Stjórn SSÍ.....	11
Skrifstofa SSÍ.....	12
Rekstur og afkoma.....	12
Landsliðsstarf.....	13
Stefna SSÍ.....	13
Sundíþróttir fyrir alla.....	13
Lög og reglur.....	13
Mótahald SSÍ.....	14
Erlent samstarf.....	14

Fjölmiðlar og samskipti.....	14
Að lokum.....	15

ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2013 og 2014

60. þing SSÍ var haldið í sal Sundfélags Hafnarfjarðar dagana 22. og 23. febrúar 2013

Sundþing 2013

Þingforsetar	Hafsteinn Pálsson og Friðrik Ólafsson
Þingritari	Ragnhildur Guðjónsdóttir og Hlín Ástþórsdóttir
Kjörbréfanefnd	Lóa Birna Birgisdóttir Ingibjörg Helga Arnardóttir Karen Malmquist Hlín Ástþórsdóttir

Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2013

83 fulltrúar frá 23 sambandsaðilum hafa seturétt á sundþingi 2013. Kjörbréf bárust frá 8 sambandsaðilum sem eiga rétt á samtals 47 aðalfulltrúum. 46 einstaklingur eru skráðir á þingið.. Atkvæðafjöldi er 46 og eitt umboð eru gilt að þessu sinni.

Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga

Kjörin á sundþingi

Stjórn SSÍ:	Formaður:	Hörður J. Oddfríðarson ÍBR – kjörinn 2013 til fjögurra ára Hlín Ástþórsdóttir ÍBH – kjörin 2013 til fjögurra ára Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR – 2013 til fjögurra ára Ólafur Baldursson ÍBA – kjörinn 2013 til fjögurra ára – óskar eftir lausn frá stjórnarstörfum 16/10 2013 Ragnar Marteinson ÍBR – kjörinn 2013 til fjögurra ára Ingi Þór Ágústsson ÍBR – kjörinn 2011 til fjögurra ára Jón Oddur Sigurðsson ÍBR – kjörinn 2011 til fjögurra ára – óskar eftir lausn frá stjórnartörfum 18/9 2013 Karen Malmquist ÍBA – kjörinn 2011 til fjögurra ára – óskaði eftir leyfi frá og með 14/8 2013 Málfríður Sigurhansdóttir ÍBR – kjörinn 2013 til tveggja ára
	Varamenn:	Ingibjörg Kristinsdóttir ÍBR – kjörinn 2013 til tveggja ára, færist upp í aðalstjórn 14/8 2013 Jónas Tryggvason ÍBR – kjörinn 2013 til tveggja ára, færist upp í aðalstjórn 18/9 2013
	Kölluð til starfa:	Hilmar Örn Jónasson ÍRB – kemur til starfa 13/11 2013 Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA – kemur til starfa 26/3 2014
Skoðunarmenn reikninga:		Júlíus Guðnason ÍA Bjarney Sigríður Snævarsdóttir ÍRB

bæði kjörin til tveggja ára.

NEFNDAFÓLK SSÍ

SKIPAD AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2013-15

Aga- og siðanefnd:

Ásdís Ó Vatnsdal formaður
Helga Sigurðardóttir
Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar

Almennings- og skólanefnd:

Kristín Guðmundsdóttir formaður
Lóa Birna Birgisdóttir fulltrúi stjórnar
Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar

Dómara-, móta- og tækninefnd:

Ingibjörg E L Stefánsdóttir formaður
Björn Valdimarsson
Jón Hjaltason
Ólafur Baldursson
Ragnhildur Guðjónsdóttir
Sigurður Óli Guðmundsson
Viktória Gísladóttir
Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar

Dýfinga- og sundfiminefnd

Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar

Fræðslu- og kynningarnefnd:

Brian Daníel Marshall formaður
Ingibjörg Kristinsdóttir fulltrúi stjórnar
Ragnar Marteinnsson fulltrúi stjórnar

Garpanefnd

Helga Sigurðardóttir formaður
Einar Hauksson
Karl Georg Klein
Sigmar Björnsson
Þórunn Kristín Guðmundsdóttir
Hlín Ástþórsdóttir fulltrúi stjórnar

Kjörnefnd:

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir formaður
Jón Hjaltason
Jónas Tryggvason fulltrúi stjórnar
Hlín Ástþórsdóttir fulltrúi stjórnar

Landsliðsnefnd:

Magnús Tryggvason formaður
Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvstj SSÍ
Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari
Ingi Þór Ágústsson fulltrúi stjórnar
Málfríður Sigurhansdóttir fulltrúi stjórnar

Lífsbjörg:

Hafþór Guðmundsson
Finnbjörn Aðalheiðarson

Mannvirkjanefnd:

Jóhannes Benediktsson ÍBR formaður
Gústaf Adólf Hjaltason ÍBR
Trausti Gylfason ÍA
Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar

Sundknattleiksnefnd:

Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar

Víðavatnssund

Ragnheiður Valgarðsdóttir formaður
Birgir Skúlason
Guðmundur Sigurbjörnsson
Harpa Hrund Berndsen
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir
Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar

Þjálfaranefnd:

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir formaður
Ragnar Friðbjarnarson
Ragnheiður Runólfsdóttir
Jacky Jean Pellerin fulltrúi stjórnar

Launaðir starfsmenn SSÍ 2013-2015

Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri
Emil Örn Harðarson mótastjóri
Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari

SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSÁRIÐ 2013-15

Inngangur

Stjórn SSÍ hóf starf sitt strax að loknu síðasta Sundþingi með endurskoðaða stefnu SSÍ að leiðarljósi. Stjórnin var samhent í störfum sínum og langoftast lítill ágreiningur um afgreiðslu mála.

Enn og aftur er það þannig að nefndir sambandsins eru misvirkar og ljóst að þeir sem veljast til stjórnarstarfa fyrir SSÍ þurfa að skoða hvað er til ráða til að fá fólk til starfa í nefndum og virkja starf þeirra betur.

Við höfum sett okkur raunhæfa og góða afreksstefnu sem er í stöðugri endurskoðun og er reynt eftir fremsta megni að framfylgja þeirri stefnu. Þjálfaranefnd var sett til starfa og landsliðsnefnd var ágætlega virk sl tvö ár. Í henni eru reynsluboltar, fólk úr stjórn SSÍ og framkvæmdastjóri SSÍ. Það er ljóst að nefndin skili okkur markvissara landsliðsstarfi en oft áður. Við munum því að öllum líkindum halda í svipað form en höfum lagt drög að því að sinna unglingslandslíðsstarfi betur og markvissar.

Við höfum gert okkur gildandi í norðurlandasamstarfinu (NSF) auk þess sem við tókum virkan þátt í alþjóða- og evrópusamstarfinu (FINA og LEN). Ísland tók við formennsku í NSF árið 2014 og mun halda þeirri stöðu til ársins 2018.

Fundargerðir stjórnar hafa verið birtar á heimasíðu SSÍ. Umhald gagna hefur verið í höndum starfsmanna sambandsins.

Leonardo þjálfunarverkefnið er komið í notkun en hefur ekki verið nýtt sem skyldi. Það er von okkar að þetta verkefni nýtist sundþjálfurum og sundkennurum í framtíðinni og létti þannig af félögum og einstaklingum kostnaði við uppfræðslu sundþjálfara.

Dómaramál í sundi eru í föstum skorðum. Stjórn SSÍ leggur mikla áherslu á að viðhalda þekkingu sunddómara á Íslandi. Íslensk sundhreyfing hefur fengið hrós erlendis fyrir virka og góða dómgæslu á alþjóðlegum mótum hér heima og góða þekkingu þeirra dómara sem hafa farið erlendis á okkar vegum til að sinna dómgæslu. Við eigum 5 alþjóðlega dómara á listum FINA og 3 alþjóðlega ræsa en það skiptir okkur miklu máli að hafa þessar stöður mannaðar því bæði Íslandsmeistaramótin auk að minnsta kosti þriggja annarra móta eru alþjóðleg hér á landi og þarf að framkvæma samkvæmt yfstrustu reglum. Það er því stór sparnaður í því að eiga alþjóðlega dómara til að dæma á þessum mótum, því annars þyrftum við að flytja þá inn. Reynt hefur verið að senda dómara erlendis til að viðhalda þekkingu. Smáþjóðaleikarnir verða haldnir á Íslandi nú í ár og við höfum lagt mikið upp úr því að okkar fólk sé vel undirbúið til að takast á við það verkefni.

Stjórn SSÍ mun hér eftir sem hingað til aðstoða félög við að reyna að fá betri aðstöðu til sundiðkunar í þeirra heimabæjum en ekki hefur lagast aðstaðan hvorki á Ísafirði, Akureyri né Akranesi þar sem vonast var eftir nýjum innisundlaugum. SSÍ hefur hafið samstarf við Myrtha pools til að ýta undir og flýta þessari uppbyggingu.

Á síðustu tveimur árum hafa þrír íslendingar tekið þátt í evrópumótum og heimsmeistaramótum garpa, sem er vel því við viljum vera þátttakendur í sem flestum sundíþróttagreinum. Þá hafa einnig verið lögð drög að því að íslendingar nái lágmarkum á HM og EM í víðavatnssundi.

Stjórn SSÍ staðfesti 11 félagaskipti, 515 íslensk met þar af 45 Íslandsmet í sundi, 4 landssveitarmet, 116 aldursflokkamet og 350 garpamet.

Við þurfum að huga vel að fjölgun í sundhreyfingunni og finna ráð til að auka iðkun sundiþróttara. Félögum hefur verið boðið að óska eftir heimsókn frá formanni eða öðrum stjórnarmönnum SSÍ til upplýsinga. Félög hafa verið misdugleg við að nýta þennan möguleika en gert er ráð fyrir að halda áfram á þessari braut auk þess sem blásið er til ráðstefnu samhliða sundþingi um þessi mál.

Stjórn SSÍ

Stjórn SSÍ hélt 24 fundi á tímabilinu en hittist þess utan í smærri hópum til að vinna að einstökum málefnum. Einnig var vinnufundur stjórnar á vormánuðum 2013, þar sem stjórnin fékk aðstöðu í sumarhúsum og sat yfir stefnumótun og verkefnum. Samskipti voru einnig nokkur utan funda meðal annars með rafpósti og í óformlegu samstarfi um einstök verkefni. Stjórnin samanstendur af 9 aðalmönnum og 2 til vara.

Í kjölfar sundþings 2013 skipti stjórnin með sér verkum, Hlín Ástþórsdóttir er varaformaður, Lóa Birna Birgisdóttir er gjaldkeri og Ólafur Baldursson var ritari, en hann lét af störfum og við ritarastöðunni tók Málfríður Sigurhansdóttir. Saman skipaði þessi hópur framkvæmdaráð SSÍ ásamt framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum SSÍ. Framkvæmdaráð SSÍ hélt nokkra formlega fundi fyrir utan aðra óformlega fundi. Einnig hittust starfsmenn SSÍ ásamt formanni á vikulegum fundum síðari hluta starfstímans og gafst sú tilhögun vel.

Breytingar urðu á stjórn á tímabilinu. Ólafur Baldursson og Jón Oddur Sigurðsson sögðu af sér úr stjórn vegna persónulegra mála og Karen Malmquist óskaði á miðju tímabili eftir leyfi frá störfum af

persónulegum ástæðum. Upp í aðalstjórn gengu þau Ingibjörg Kristinsdóttir og Jónas Tryggvason, en einngi hölluðum við þau Hilmar Örn Jónasson og Bjarney Guðbjörnsdóttur til starfa.

Á þessu sundþingi ganga fjórir aðalstjórnarmenn úr stjórn auk varamanna. Úr aðalstjórn ganga þau Ingi Þór Ágústsson, Málfríður Sigurhansdóttir og Karen Malmquist. Úr varstjórn ganga Ingibjörg Kristinsdóttir og Jónas Tryggvason. Ingibjörg hefur gefið kost á sér til endurkjörs í aðalstjórn og Jónas Tryggvason í varastjórn. Kjósa þarf fjóra aðalstjórnarmenn til fjögurra ára, einn til tveggja ára í stað Ólafs Baldurssonar og tvo í varastjórn til tveggja ára. Áfram sitja í stjórninni Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri og Ragnar Marteinson meðstjórnandi.

Skrifstofa SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir gegnir starfi framkvæmdastjóra nú í fullu starfi. Emil Örn Harðarson hefur starfað í hlutastarfi sem mótastjóri. Jacky Pellerin hóf störf sem landsliðsþjálfari maí 2012 í hlutastarfi.

Ekki hefur orðið breyting á húsnæði skrifstofunnar en óskað hefur verið eftir því við ÍSÍ að stækka skrifstofuna. Að auki hefur SSÍ geymslu úti í bæ.

Samstarf SSÍ við ÍSÍ er gott. Önnur sérsambönd hafa einnig átt í ágætum samskiptum við SSÍ.

Hlín Ástþórsdóttir hefur um árabíl fært bókhald sambandsins og gerir enn.

Rekstur og afkoma

Reikningar Sundsambands Íslands liggja fyrir og fylgja skýrslunni í sérkafla. Lausafjárstaðan er stöðugt umræðuefni á fundum stjórnar SSÍ og við leggjum mjög mikið upp úr því að reka sambandið í jafnvægi. Fjárhagsleg afkoma SSÍ árin 2013 og 2014 er í takt við fjárhagsáætlun sem samþykkt var á sundþingi 2013 og fjárhagsleg afkoma SSÍ þessi tvö ár er þó nokkuð í samræmi við væntingar. Við erum ennþá langt undir eðlilegum væntingum þegar kemur að fjáröflunum utan við hefðbundnar tekjuleiðir.

Stjórn SSÍ hefur tekið ákvörðun um sókn í fjáröflunum þar sem leggjá átti áherslu á framlög einstaklinga sem og fyrirtækja. Því mega þingfulltrúar og aðrir landsmenn búast við því að sjá greiðsluseðil í heimabanka sínum nú á vordögum. Lausafjárstaða SSÍ hefur lengst af verið í járnnum. Á liðnu starfstímabili tókum við ákvörðun um að safna í sjóð til að lenda ekki í lausafjárþurrð þegar stór verkefni standa fyrir dyrum. Sú vinna hefur gengið eftir áætlunum eins og sjá má á reikningum SSÍ, en er langt í frá lokið. SSÍ óskar áfram eftir því við aðstandendur hreyfingarinnar að fjáröflun fyrir landslið verði eflað og framkvæmd oftar og allir taki virkan þátt.

Tekjur SSÍ úr Getrauna- og Lottópottum eru svipaðar og gert var ráð fyrir í áætlunum.

Samskipti milli SSÍ, Menntamálaráðuneytisins, Fjármálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um Sundíþróttamiðstöð Íslands og þjóðarleikvang í sundíþróttum eru ennþá í gangi og við vonumst til að ljúka þeirri vinnu á vormánuðum. Allir aðilar hafa verið jákvæðir og vonir standa til þess að niðurstaðan verði sterkari umgjörð um sundíþróttir á Íslandi og aukin opinber framlög í uppbyggingu og útbreiðslu sundíþróttar.

Markmið stjórnar hefur verið að framlag frá Alþingi, Lottótekjur og þjónustugjöld standi undir launagreiðslum og rekstri skrifstofu sambandsins og þjónustu við félög og deildir. Það hefur nokkurn veginn tekist en ekki má mikið út af bregða. Einnig hefur Icelandic Glacial styrkt hreyfinguna myndarlega á sundmótum sem við höfum haldi. Styrkir vegna landsliða hafa fyrst og fremst komið frá Afrekssjóði ÍSÍ og Speedo á Íslandi. Aðrir aðilar hafa ekki séð sér hag í því að styrkja landslið SSÍ og af þeim sökum hefur kostnaður við verkefnið lagst að hluta til á sundfólkið. Það er umhugsunarefni hvernig við getum náð sambandi við forsvarsfólk stórra fyrirtækja og hafið samband við þau um svo þarft samfélagslegt verkefni sem uppbygging sundíþróttar á Íslandi er.

Samstarf við Myrtha pools gæti hugsanlega skilað okkur töluverðum fjármunum ef rétt er á spilum haldið. Það mun einnig styðja við uppbygginguna ef við náum að fá betri aðstöðu upp byggða víðar.

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði hreyfingunni fé til skilgreindra verkefna SSÍ. Verkefnatengdir styrkir Afrekssjóðs til SSÍ eru okkur mikilvægir því þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við þátttöku afreksslandsliðs í Evrópu- og heimsmeistaramótum.

SSÍ hefur rekið virka forvarnarstefnu og félög og deildir geta sótt forvarnarfræðslu án endurgjalds til SSÍ en enn sem komið er hefur ekkert félag nýtt sér þá þjónustu til þessa og samningar aðila um þjónustuna hefur ekki verið endurnýjaður og verður ekki endurnýjaður nema til komi áhugi félaga á að nýta sér hana.

Landsliðsstarf

Landsliðsstarfið gekk með ágætum og landsliðsnefnd var skipuð reynslumiklu fólki sem starfaði í góðu samstarfi við félögin. Við skipuleggjum landsliðsstarfið miðað við ólympíuöðuna og þá er þátttaka okkar í EM og HM í báðum brautarlengdum okkur mikilvæg og ekki er síður mikilvægt að huga að alþjóðlegum unglingamótum og nota þau til uppbyggingar. Landsliðsþjálfari hefur sinnt flestum

verkefnum fyrir okkar hönd, en við höfum einnig notið góðs stuðnings félaganna sem hafa heimilað þjálfurum sínum að taka að sér einstök verkefni.

Við settum í gang sérstakar æfingabúðir fyrir yngra sundfólk sl haust. Hópurinn var nefndur Tokyó 2020. Um 40 manns voru í hópnum sem fór í Hveragerði í æfinga- og fræðsludagskrá eina helgi. Einstaklega góður hópur og í framhaldinu er áætlað að fara með minni hópa með mismunandi áherslur í æfingabúðir hér heima og erlendis.

Undanfarið ár náðist ákveðið samstarf milli norðurlandaþjóðanna um æfingabúðir, keppnisferðir og fleira sem gaman verður að útfæra í samstarfi við landsliðsþjálfara þjóðanna.

Þá eru að opnast möguleikar á að senda sundfólk á EM og HM í Víðavatnssundi, eitthvað sem gæti fjölgað sundfólki á ÓL.

Stefna SSÍ

Uppfærð stefna SSÍ var samþykkt á síðasta sundþingi ásamt sérstakri afreksstefnu og liggur hvorutveggja fyrir sundþingi nú í yfirfarinni útgáfu. Í henni er byggt á fyrri stefnu sambandsins auk þess sem afrekslutinn er útfærður enn og aftur, markmið skýrð og bætt við sérstökum kafla um unglíngalandslið. Stefna sem þessi er í sífelldri endurskoðun og á að vera lifandi og breytileg eftir aðstæðum og þess vegna eru einnig lögð fram á þessu sundþingi skjöl sem fyrst og fremst eru til að vekja hugmyndir og geta orðið drifkraftur í að uppfæra lifandi stefnu. Það skiptir máli að afreksstefnan sé uppfærð reglubundið og stillt af. Við höldum fundi með þjálfurum og formönnum á Íslandi þar sem farið var yfir viðmið og lágmark til þess að sem mest samstaða gæti skapast um starfið.

Stefnumótun SSÍ er til þess að standa við bakið á þeim einstaklingum sem velja þann lífsstíl sem afreksíþrótt krefst, en einnig til að vernda og bæta almenna umgjörð um sundíþróttir á Íslandi. Það er von okkar að eftir tiltölulega fá ár getum við staðið upp og sagt „sundíþróttir standa öllum þeim til boða sem vilja stunda þær“.

Sundiþróttir fyrir alla

Samkvæmt iðkendatölum virðist sem fækki í sundfélögum landsins þrátt fyrir að sund sé eitthver sú fjölmennasta íþrótt sem iðkuð er hér á landi. Við þurfum að finna leið til að ná til fleiri til að fjölga iðkendum í sundíþróttum. Aðstaða hefur lagast til muna til að iðka dýfingar eftir að skipt var út brettum í Sundhöllinni í Reykjavík. Reynt hefur verið að auka iðkun í sundknattleik en það fer frekar hægt af stað. Nauðsynlegt er að ná samstarfi við sundkennara til að kynna sundknattleik og keppnissund.

Víðavatnssund er sú sundíþrótt sem hefur notið mikilla vinsælda hin síðari ár og er stöðugt að bæta við sig. Aukin opnunartími í Nauthólsvík hefur þar átt stóran þátt.

Fjölgun hefur einnig verið hjá Görpum og eigum við von á enn frekari fjölgun þar. Mörg félög hafa staðið sig vel í þjónustu við þann hóp.

SSÍ stóð fyrir skólasundmóti á síðastliðnu vori auk þess sem við styrktum skóla á einstökum svæðum sem stóðu fyrir skólamótum í sundi. Hugmyndin er að útfæra þetta frekar og er undirbúningur fyrir skólasundmótið í vor í fullum gangi. Þetta á að stuðla að fjölgun sundiðkennda þegar fram í sækir.

SSÍ tók nýja grein undir sinn verndarvæng á liðnu starfstímabili þegar Lífsbjargarhópur var stofnaður í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Á hinum norðurlöndunum er keppt í lífsbjörg, en hér á landi erum við fyrst í stað að hugsa um að þeir sem eiga gæta sundfólksins eigi sér sameiginlegan vettvang, en það eru auðvitað þjálfarar og starfsfólk sundlauganna.

Lög og reglur

Á þessu þingi liggja fyrir 3 lagabreytingatillögur. Í fyrsta lagi er tillaga um breytingu á því hvernig fulltrúar veljast á sundþing. Í öðru lagi er lögð til örlítill breyting á dagskrá sundþings og í þriðja lagi er lagt til að nefndum SSÍ verði fækkað. Fyrir þinginu liggja einnig tillögur um reglugerðarbreytingar sem þóttu það viðamiklar að sundþing ætti að fjalla um þær. Það á við um ákvæði sem snerta mótmæli, kærur og yfirdómnefnd móts en þar er lagt til að við tökum FINA reglur að fullu inn í okkar reglur en einnig eru lagðar til breytingar sem miða að því að einfalda og skýra reglur um samstarf félaga og félagaskiptareglur.

Mál sem komu upp sem kallaði á aðkomu Aga- og síðanefndar SSÍ voru afgreidd af nefndinni, lögð fyrir stjórn SSÍ og teljast afgreidd. Öll lyfjapróf sem tekin voru af íslensku sundfólki á þessu tímabili reyndust neikvæð, þ.e. allir stóðust prófin. Það er sundhreyfingunni mikils virði að teljast til þeirra íþróttagreina þar sem lyf og sterar koma lítið við sögu. Áfram vörum við við notkun fæðubótarefna meðan innihaldslýsingum er ábótavant og ekki fullkomin rök fyrir neyslu aukaefna. Neysla fæðubótarefna, vítamína og orkudrykkja er ávallt á ábyrgð þeirra sem neyta.

Mótahald SSÍ

Mótahald SSÍ hefur verið í föstum skorðum. Bikarmeistaramótið er ennþá hálfgerð vandráðabarn og ekki hefur tekist að finna því fastan stað í dagskránni.

Við breyttum AMÍ og bættum við UMÍ (Unglingameistaramót Íslands) bæði mótin haldin í júní. Þessi tilraun okkar gekk ekki sem skildi, bæði var það að félögin virtust hafa lítinn áhuga á UMÍ og vildu halda AMÍ inni lítt breyttu, en ekki síður að júní er oft mánuður æfingabúða og undirbúnings alþjóðlegra verkefna og UMÍ nýttist ekki til þess. Framkvæmd móta hjá SSÍ tókst vel og er vert að þakka þeim félögum sem aðstoðuðu við framkvæmd mótanna.

Uppskeruhátíð SSÍ er orðin fastur liður í starfinu að loknu ÍM 25 þar sem sundfólk fær viðurkenningar fyrir síðasta sundár. Hátíðin er ávallt áfengislaus og er öllum til sóma.

Íslandsmót var haldið í Víðavatnssundi í samstarfi við Hið íslenska kaldvatnsfélag og tókst vel, þátttaka hefði mátt vera meiri. Garpastarfið er í föstum skorðum og ávallt fjölmenni á IMOC og fleiri félög farin að gera ráð fyrir keppni garpa. Þríþrautin heldur áfram að dafna og er mikil fjölgun í þeirri íþrótt sem styður við garpastarfið.

Erlent samstarf

Alþjóðlegir dómara okkar Íslendinga hafa verið að dæma á mótum LEN og FINA og fá undantekningalaust góða og jákvæða umsögn að mótunum loknum. Það er okkur mikilvægt að að viðhalda okkar góða orðsperi í alþjóðlegu sundsamhengi.

SSÍ hefur, að undirlagi ÍSÍ, unnið að því að auka áhrif sín innan Norræna sundsambandsins NSF, Evrópska Sundsambandsins LEN og Alþjóða sundsambandsins FINA.

Norrænt samstarf hefur verið okkar stökkpallur inn í starf stærri samtakana, þar sem Norðurlandþjóðirnar hafa staðið þétt saman og stutt hverjar aðra. Einnig hafa smáþjóðir Evrópu haft með sér samtök til að gæta sameiginlegra hagsmuna. Við eigum fulltrúa í sundtækninefnd LEN sem er Guðmundur Harðarson einnig eigum við nú fulltrúa í garpanefnd LEN en það er Hörður Oddfríðarson. Guðmundur hefur verið mjög sýnilegur og virkur í starfi sínu og fengið mikið hrós frá samstarfsfólki sínu, hann var endurkjörinn á fundi LEN í september 2012. Hörður var kosin inn í garpanefndina í september 2012 og hefur sem slíkur tekið virkan þátt í starfi nefndarinnar og var einn af mótstjórum á Evrópumeistaramóti garpa í Eindhoven 2013. Hann hefur fengið boð um að setjast í garpanefnd FINA. Það boð er í athugun og ákvörðun um hvort sætið verður þegið, verður tekin í samráði við NSF.

Formaður og varaformaður SSÍ hafa haldið utan um alþjóðlegt samstarf og ábyrgð í alþjóðlegum samskiptum. Þing LEN var haldið hér á landi vorið 2011 og við stefnum að því að óska eftir því að halda LEN þing að nýju innan 5 ára.

Í alþjóðlegu samstarfi hefur Ísland skipað sér í flokk með öðrum norrænum þjóðum auk þess sem við höfum sérstaklega ræktað tengsl okkar við Þýskaland, Frakkland, Bretland og Írland. Markmið þessara landa er að sameina Evrópu á ný og ná þannig edlilegum styrk í FINA. Um þessar mundir fara fram mikil átök bakvið tjöldin innan FINA og virðst svo sem einhverjar þjóðir eða álfur séu að kaupa sér aukin völd innan Alþjóðaólympíuhreyfingarinnar í gegnum alþjóðasambönd íþróttageinanna.

Fjölmiðlar og samskipti

Mikil vinna hefur verið lögð í að auka útsendingar af SSÍ mótum. SSÍ hefur átt gott samstarf við SportTv í því sambandi. Kostnaður við beina útsendingu á RÚV eða Stöð2 er það hár að SSÍ getur ekki réttlætt það, aftur á móti hefur möguleikinn á beinni útsendingu á netinu fjölgað í raun beinum útsendingum. Í gangi er vinna sem á að skila okkur meiri tengingu við landsmenn, fleiri beinum útsendingum á sjónvarpsrásum og fleiri fréttum bæði í net- og prentmiðlum.

Það er mjög mikilvægt að manna stöðu fjölmiðlafulltrúa á öllum SSÍ mótum og við skorum á alla þá sem hafa getu og þekkingu til að sinna því að gefa sig fram.

Samskipti SSÍ við fjölmiðla eru í heildina góð en oft á tíðum tengist það persónulegum tengslum sem hafa myndast milli aðila.

Ný vefsíða SSÍ virkar vel og við erum smám saman að þróa hana til að gera hana fjölbreyttari og virkari. Allflestir sem koma að störfum innan íþróttahreyfingarinnar gera það í sjálfböðavinnu og eyða ómældum tíma í þágu íþróttar. Störf þessi eru oft á tíðum vanmetin og stutt í gagnrýni. Það hefur reynst erfitt að fá fólk til ýmissa starfa og kannski skiljanlegt þegar oft á tíðum að fólk greiðir með sér á ýmsan máta. Þessu þurfum við að breyta, því það er á ábyrgð allra sem koma að starfi innan sundhreyfingarinnar að gæta að hreyfingunni, viðhalda henni og stækka hana. Við gerum það með því að vinna saman og sýna hvort öðru þolinmæði og umhyggju.

Að lokum

Við í sundhreyfingunni erum heppin að hafa allan þennan fjölda af fólki sem er tilbúinn að leggja á sig mikla vinnu til að sundmennirnir okkar geta stundað íþróttina af kappi. Við gerum ráð fyrir að starfið sé

gefandi og skemmtilegt og því þurfum við að vera góð við hvort annað og muna að við erum öll að vinna að sama markmiði. Við erum líka mannleg og misjöfn.

Á þessu sundþingi er blásið til ráðstefnu þar sem rætt verður hvernig hægt er að fjölga iðkenndum og félögum í sundhreyfingunni og hvernig við getum blásið lífi í sundfélög og deildir út um land. Þessi hluti starfssemi SSÍ, útbreiðsla verður mjög fyrirferðamikill næsta starfstímabil og mjög mikilvægt að þeir sem eru nú þegar að störfum í hreyfingunni komi að málum með jákvæðum og styðjandi hætti. Íþróttir ganga út á samkeppni og samstarf. Við erum hreyfing sem telur 7 viðurkenndar íþróttagreinar, þar af 5 ólympíugreinar. Við eigum ónýtta möguleika til að verða fyrirferðameiri og stærri, þannig að þeir sem stunda þessar íþróttagreinar fái möguleika á að takast á við sundíþróttafólk á alþjóðlegum vettvangi. En fyrst þurfum við að vinna heimavinnuna okkar.

Stjórn SSÍ þakkar nefndarfólki það sem það lagði af mörkum á árinu og fólkinu í sundhreyfingunni fyrir samstarfið á liðnum starfsárum. Ég þakka einnig stjórnarfólki góð og gefandi samskipti á tímabilinu.

Fh stjórnar Sundsambands Íslands
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

Þingforseti leitaði eftir því hvort nokkur gerði athugasemd við boðun þingsins. Enginn gerði athugasemd og þingforseti gerði þá ráð fyrir því að allir þingfulltrúar væru samþykktir því hvernig að þingboðun var staðid og lýsti þingið lögmætt.

Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt

Talsmaður kjörbréfanefndar kemur og kynnir niðurstöður nefndarinnar. 25 Héraðssambönd og íþróttabandalög eiga seturétt á þinginu með 85 fulltrúa, borist hafa kjörbréf frá 8 héraðssamböndum og íþróttabandalögum sem eiga rétt á fulltrúum, 42 atkvæði gild.

ÍA – Trausti Gylfason, Kjell Wormdal, Harpa Hrönn Finnbogadóttir og Gunnhildur Björnsdóttir.

ÍBA – Ómar Kristinsson og Elsa María Guðmundsdóttir

ÍRB – Sigurbjörg Róbertsdóttir, Guðmunda Róbertsdóttir, Hilmar Örn Jónasson, Sigurþór Sævarsson, Harpa Kristín Einarsdóttir, Hilmar T Björgvinsson, Eðvarð Þór Eðvarðsson og Herdís Andrésdóttir. Varafulltrúi - Sigmar Björnsson.

ÍBR – Ásgeir Ásgeirsson, Bergþóra Guðmundsdóttir, Björn Valdimarsson, Bryndís Sigurðardóttir, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, Lóa Birna Birgisdóttir, Ragnar Friðbjarnarson, Richard Kristinsson, Sverrir Gíslason, Viðar Helgason, Þórunn K Guðmundsdóttir, Þuríður Einarsdóttir og Ingibjörg Kristinsdóttir. Varamenn – Hörður J Oddfríðarson og Magnús Steinarsson.

ÍBH – Karl Georg Klein, Klaus Jurgen Ohk, Stefán Kristófersson, Valgerður Jóna Guðjónsdóttir, Sólrún Gunnarsdóttir, Tómas Gísli Guðjónsson og Hlín Ástþórsdóttir. Varamenn – Hálfán Freyr Örnólfsson, Sigurður Óli guðmundsson, heimir Örn Sveinsson, Kristján Guðnason og Örn Ólafsson.

UMSK – Ragnar Viktor Hilmarsson, Særún Harðardóttir, Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir og Karl Pálmason. Varamenn – Davíð Torfi Ólafsson.

HSK – Magnús Tryggvason

HSV – Páll Janus Þórðarson.(kom ekki)

Kjörbréf voru staðfest.

Kosning starfsnefnda, þingforseti kynnir tillögu um að starfsnefndir verði þrjár vegna þeirra lagabreytinga sem liggja fyrir þingið og þarf því að leita afbrigða hjá þinginu að það verði ekki starfandi mótanefnd á þinginu og óskar þingforseti eftir athugasemdum við þá tillögu og þar sem engin gerir athugasemd við þá tillögu er það samþykkt. Formaður fær orðið til að gera grein fyrir tillögum um skipan nefnda. Það liggur fyrir tillaga um formenn nefnda verði eftirfarandi: Viðar Helgason í Allsherjarnefnd, Trausti Gylfason í Laga og leikreglanefnd og Elsa María Guðmundsdóttir í Fjárhagsnefnd

Tillagan samþykkt samhljóða.

2015-04 Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar.

Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri SSÍ lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Skýrsla stjórnar og reikningar ársins 2013 og 2014 liggja fyrir á þinginu og á heimasíðu Sundsambandsins.



Ársreikningur Sundsambands Íslands 2013

Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2013, með undirskrift sinni.

Reykjavík

Hörður J. Oddfríðarson
Formaður

Lóa Birna Birgisdóttir
Gjaldkeri

Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 höfum við yfirlit. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurliðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði

Jóna Ingvaldsson
Fh. ER - ehf. Endursk. og reikningsskil

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirlit ársreikning ársins 2013.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundsambands Íslands.

Reykjavík 12. apríl 2014

Júlíus V. Guðnason

Bjarney S. Snævarsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013

	Skýr.	<u>2013</u>	<u>2012</u>
REKSTRARTEKJUR:			
<u>Styrkir</u>	1	34.344.127	31.847.204
<u>Tekjur af mótum</u>	2	6.558.853	1.488.646
<u>Þjónustugjald SSÍ</u>	3	7.715.500	6.675.000
<u>Aðrar tekjur</u>	4	<u>1.073.500</u>	<u>15.992.482</u>
		Rekstrartekjur alls:	<u>49.691.980</u>
			<u>56.003.332</u>
REKSTRARGJÖLD:			
<u>Laun og launatengd gjöld</u>	5	9.484.711	7.217.264
<u>Áhöld og tæki</u>	7	468.319	3.108.810
<u>Styrkir og undirbúningur landsliða</u>	8	6.978.842	14.383.763
<u>Mótakostnaður erlendis</u>	9	13.375.014	26.037.140
<u>Kostnaður v/mótahalds</u>	10	7.619.616	2.273.978
<u>Rekstur mannvirkja</u>	11	345.840	294.372
<u>Rekstur skrifstofu</u>	12	2.943.217	2.151.032
<u>Kynning, fræðsla og útbreiðsla</u>	13	310.000	13.243
<u>Nefndakostnaður</u>	14	1.067.267	1.694.007
<u>Kostnaður v/námskeiða</u>	15	453.112	79.356
<u>Annar kostnaður</u>	16	566.558	694.500
<u>Önnur gjöld</u>	17	<u>1.321.394</u>	<u>117.325</u>
		Rekstrargjöld alls:	<u>44.933.890</u>
		Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:	<u>4.758.090</u>
			<u>-2.061.458</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)			
<u>Vaxtatekjur</u>		104.095	156.058
<u>Gengismunur</u>		23.984	8.339
<u>Vaxtagjöld og verðbætur</u>		<u>78.951</u>	<u>128.126</u>
		Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:	<u>1.160</u>
		Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi :	<u>4.759.250</u>
			<u>-2.025.187</u>
		Hagnaður fyrir önnur gjöld:	<u>4.759.250</u>
			<u>-2.025.187</u>
Hagnaður ársins:		4.759.250	-2.025.187

EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2013

Eignir:	Skýr.	2013	2012
Veltufjármunir:			
Viðskiptareikningur afreksmanna			
Viðskiptakröfur		6.501.626	3.222.671
Vörslubækur afreksmanna		1.325.278	1.699.804
Handbært fé		1.003.699	544.476
Veltufjármunir alls:		8.830.603	5.466.951
Eignir samtals:		8.830.603	5.466.951
Skuldir og eigið fé:	Skýr.	2013	2012
Eigið fé:			
Staða 1/1		957.412	2.982.599
Hagnaður (tap) ársins		4.759.250	-2.025.187
Óráðstafað eigið fé samtals 31/12:		5.716.662	957.412
Eigið fé samtals:		5.716.662	957.412
Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur afreksmanna		534.752	2.055.192
Aðrar skammtímaskuldir		2.579.189	2.454.347
Skammtímaskuldir alls:		3.113.941	4.509.539
Skuldir og eigið fé samtals:		8.830.603	5.466.951

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

Skýr	31.12.2013	31.12.2012	Áætlun 2013
1. Framlög og styrkir			
Styrkir ÍSí	10.848.233	15.880.000	8.160.000,00
Afrekssjóður	0	0	0,00
Ólympíusamhjálpin	0	999.800	0,00
Styrkur Alþingis	3.100.000	2.866.504	3.100.000,00
Útbreiðslustyrkur	0	1.722.450	1.200.000,00
Lottó	8.875.742	7.317.808	7.200.000,00
Mótframlag v/landslíðsverkefna	8.211.913	13.763.842	12.980.000,00
Ferðastyrkir	1.792.300	0	
Ýmis fyrirtæki	1.515.939	3.012.242	1.400.000,00
Styrktarkerfi	0	48.400	
	<u>34.344.127</u>	<u>31.847.204</u>	<u>34.040.000,00</u>
2. Tekjur af mótum			
NMU	6.077.353	0	0,00
Skráningargjöld sjósund	23.000	23.000	0,00
Skráningargjöld IMOC	448.500	220.000	250.000,00
Skólasundmót	0	1.129.795	0,00
Kærufé	10.000		0,00
Sala/Mótaskrá	0	0	0,00
Sektir v/móta	0	115.851	0,00
	<u>6.558.853</u>	<u>1.488.646</u>	<u>250.000,00</u>
3. Þjónustugjald SSÍ			
Þjónustugjald SSÍ	7.715.500	6.675.000	8.000.000,00
	<u>7.715.500</u>	<u>6.675.000</u>	<u>8.000.000,00</u>
4. Aðrar tekjur			
Þjálfaranámskeið/NSF námskeið	493.000	0	0,00
Sundþing	188.500	0	200.000,00
Uppskeruhátíð	392.000	652.000	700.000,00
Aðrar tekjur	0	1.576.640	0,00
Minningarsjóður ÓÞG	0	0	
	<u>1.073.500</u>	<u>15.992.482</u>	<u>900.000,00</u>
5. Laun og launatengd gjöld			
Laun	5.246.384	6.391.169	5.040.000,00
Verktakagr landsliðsumsjón	3.300.000		3.600.000,00
Tryggingagjald	435.727	386.264	403.000,00
Mótframlag lífeyrissjóður	419.714	367.296	420.000,00
Stéttarfélagsgjöld	82.886	72.535	108.000,00
Bífreiðastyrkur			
	<u>9.484.711</u>	<u>7.217.264</u>	<u>9.571.000,00</u>
7. Áhöld og tæki			
Búningar	144.835	1.705.544	1.000.000,00
Íþróttáhöld	0	1.048.798	0,00
Skrifstofuáhöld	116.489	12.566	84.000,00
Fánar/merki/lyklak o.fl.	206.995	296.000	0,00
Fatnaður stjórn/starfsmenn	0	0	150.000,00
Fatnaður dómara	0	45.902	250.000,00
	<u>468.319</u>	<u>3.108.810</u>	<u>1.484.000,00</u>

8. Undirbúningur landsliða			
Ferðir þjálfara			0,00
Æfingabúðir innanlands	12.705	51.597	500.000,00
Æfingabúðir erlendis	1.560.640	2.652.366	0,00
Fræðsla fyrir landslið	3.697		
Afreksstyrkir	<u>5.401.800</u>	<u>11.679.800</u>	<u>4.760.000,00</u>
	<u>6.978.842</u>	<u>14.383.763</u>	<u>5.260.000,00</u>
9. Ferðakostnaður erlendis			
Alþjóðlegt unglingamót	0	0	0,00
ÓL/Smáþjóðaleikar	2.073.186	5.687.028	2.760.000,00
EM 50	0	8.184.667	0,00
HM	2.701.119	0	2.040.000,00
EM-25	1.823.164	2.414.105	2.100.000,00
Alþjóðlegt mót Afrekshópur	191.367	2.662.673	0,00
EMU	1.760.986	1.876.852	2.000.000,00
NMU	4.152.288	3.114.511	5.750.000,00
NÆM/Ólympíud Æskunnar	672.904	735.071	1.270.000,00
Annar ferðakostnaður	0	13.427	0,00
Alþjóðlegt mót OP	0	963.106	2.760.000,00
Færeyjar			0,00
Sjúkrakassi/annar kostnaður v/landsl			0,00
Ljósmyndun	<u>0</u>	<u>385.700</u>	<u>0,00</u>
	<u>13.375.014</u>	<u>26.037.140</u>	<u>18.680.000,00</u>
10. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	991.069	699.958	565.000,00
Dómgæsla	237.027	22.500	260.000,00
Sjónvarp	94.125	200.000	
Garpamót	364.779	234.706	250.000,00
Sjósundmót	49.756	0	0,00
Sundknattleikur	40.700	0	
Kaffi/matur v/móta	54.339	96.651	80.000,00
Skólasundmót			
Ferðir/gjafir/þvottur	41.706	94.282	120.000,00
IGLA	0	710.237	
NMU/Smáþjóðamót/Ísland - Færeyjar	<u>5.746.115</u>	<u>215.644</u>	<u>0,00</u>
	<u>7.619.616</u>	<u>2.273.978</u>	<u>1.275.000,00</u>
11. Rekstur mannvirkja			
Húsaleiga	<u>345.840</u>	<u>294.372</u>	<u>380.000,00</u>
	<u>345.840</u>	<u>294.372</u>	<u>380.000,00</u>
12. Rekstur skrifstofu			
Sími	363.746	218.099	240.000,00
Ritföng	27.181	49.078	60.000,00
Tímarit	0	2.000	0,00
Prentun	36.868	35.668	60.000,00
Póstkostnaður	720	6.438	7.000,00
Fundakostnaður	335.882	286.442	300.000,00
Þingkostnaður	415.270	197.522	300.000,00
Kaffikostnaður og risna	263.700	248.048	204.000,00
Tölvukostnaður	61.034	19.837	40.000,00


Internetþjónusta	359.539	66.982	510.000,00
Bókhalds og endurskoðunarkostn.	248.571	241.099	275.000,00
Sorphirða og auglýsingar	16.364	970	48.000,00
Trygging/búnaður	0	63.711	65.000,00
Gjöld til alþjóðasambanda	208.808	33.584	144.000,00
Fundir og þing erlendis	584.132	681.554	700.000,00
Annar skrifstofukostnaður	21.402	0	
	<u>2.943.217</u>	<u>2.151.032</u>	<u>2.953.000,00</u>
13. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Námskeiðsgjöld	0	0	250.000,00
Ferðakostnaður v/námskeiða			0,00
Styrkir	10.000	0	0,00
Markaðsvinna	300.000	13.243	0,00
Skólasundmót			0,00
	<u>310.000</u>	<u>13.243</u>	<u>250.000,00</u>
14. Nefndakostnaður			
Nefndir	71.533		0,00
Sundnefnd LEN	69.020	469.373	600.000,00
Garpanefnd LEN	274.133		
NSF nefndir	0	233.302	250.000,00
Björgun	116.000		
Landsliðsnefnd			0,00
Dómaranefnd (dómarar erlendis)	536.581	991.332	300.000,00
Tölvunefnd			0,00
Fræðslunefnd			0,00
Markaðs og kynningarnefnd			0,00
Garpanefnd	0	0	50.000,00
Aga og siðanefnd			0,00
Sundknattleiksnefnd			0,00
Sjósundsnefnd	0	0	0,00
	<u>1.067.267</u>	<u>1.694.007</u>	<u>1.200.000,00</u>
15. Kostnaður v/námskeiðshalds			
Námskeið	0	0	0,00
Dómaranámskeið	25.630	79.356	150.000,00
Þjálfaranámskeið	427.482		150.000,00
	<u>453.112</u>	<u>79.356</u>	<u>300.000,00</u>
16. Uppskeruhátíð			
Uppskeruhátíð	566.558	674.500	800.000,00
Minningarsjóður ÓÞG	0	20.000	
	<u>566.558</u>	<u>694.500</u>	<u>800.000,00</u>
17. Önnur gjöld			
Þjónustugjöld Visa/Euro	63.480	67.528	60.000,00
Þjónustugjöld Banka	65.560	49.797	60.000,00
Tryggingar	65.854		0,00
Afskriftir	1.126.500		
Vaxtagjöld			120.000,00

	1.321.394	117.325	240.000,00
18. Viðskiptakröfur			
Alls	0	1.697.571	
Afskrifaðar viðskiptakröfur	300.000		
Fyrirfram greitt	110.856		
	410.856	1.697.571	
19. Vörslubækur afreksmanna			
Afrek 401931	0	122.076	
Afrek 400871	123.981	666.006	
Afrek 604713	0	88.190	
Afrek 604715	0	1.093	
Afrek 604324	18	122.249	
Afrek 604325	415.357	1.335	
Afrek 605247	1.452	631	
Afrek 605225	4	301	
Afrek 605227	275.743	696.521	
Afrek 605324	0	423	
Afrek 605325	508.723	385	
	0	594	
	1.325.278	1.699.804	
20. Handbært fé			
Sjóður	20.293	20.293	
Arion 640	-693.373	-673.769	
Arion Leonardo	324.246	192.889	
Arion \$180359	184.205		
Íslandsbanki 1327	1.115.891	204.889	
Íslandsbanki 7327	2.188	691.476	
Íslandsbanki 101760	5.388	32.371	
Íslandsbanki \$180045	8.950	32.859	
Íslandsbanki EUR.710152	30.460	1.085	
Landsbanki 413089	4.770	9.951	
NSF 604028	681	0	
	0	32.432	
	1.003.699	544.476	
21. Aðrar skammtímaskuldir			
Visa skrifstofa	607.206		
Visa formaður	114.188		
Visa varaformaður	134.187		
NSF	24.454		
Hlín Ástþórsdóttir	212.964		
Ingibjörg Helga Arnardóttir	3.097		
Icelandair	-108.564		
Nova	51.494		
Vodafone	2.959		
Grand/Cabin	3.600		
Margt Smátt	61.496		
Ýmsir lánadrottnar	1.472.108		
	2.579.189		

Áritun stjórnar

Undirritaðir fyrir hönd Sundsambands Íslands, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2014, með undirskrift sinni.

Reykjavík



Hörður J. Oddfríðarson
Formaður



Lóa Birna Birgisdóttir
Gjaldkeri

Áritun endurskoðunarstofu

Ársreikning þennan fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 höfum við yfirfarið. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sundurlíðunum. Ég tel að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Sundsambands Íslands á framangeindu tímabili.

Hafnarfirði




Fh. ER - ehf Endursk. og reikningsskil

Kjörnir skoðunarmenn


Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga Sundsambands Íslands, höfum yfirfarið ársreikning ársins 2014.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og samþykktir Sundsambands Íslands.

Reykjavík 03. maí 2015



Júlíus V. Guðnason



Þjármey S. Snævarsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
REKSTRARTEKJUR:			
Framlög og styrkir	1	32.703.453	34.344.127
Tekjur af mótum	2	854.536	6.558.853
Þjónustugjald SSÍ	3	8.965.250	7.715.500
Námskeið og aðrar tekjur	4	531.500	1.073.500
	Rekstrartekjur alls:	43.054.739	49.691.980
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	5	11.494.000	9.484.711
Áhöld og tæki	7	941.477	468.319
Styrkir og undirbúningur landsliða	8	9.710.976	6.978.842
Mótakostnaður erlendis	9	8.707.261	13.375.014
Kostnaður v/mótahalds	10	2.505.229	7.619.616
Rekstur mannvirkja	11	294.372	345.840
Rekstur skrifstofu	12	3.319.667	2.943.217
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	13	430.162	310.000
Nefndakostnaður	14	632.018	1.067.267
Kostnaður v/námskeiða	15	195.092	453.112
Uppskeruhátíð	16	627.564	566.558
Önnur gjöld	17	117.401	1.321.394
	Rekstrargjöld alls:	38.975.219	44.933.890
	Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:	4.079.520	4.758.090
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)			
Vaxtatekjur		188.816	104.095
Gengismunur		-58.674	23.984
Vaxtagjöld og verðbætur		99.106	78.951
	Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls:	148.384	1.160
	Hagnaður eða (tap) af reglulegri starfsemi :	4.227.904	4.759.250
	Hagnaður fyrir önnur gjöld:	4.227.904	4.759.250
	Hagnaður ársins:	4.227.904	4.759.250

EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2014

Eignir:	Skýr.	2014	2013
Veltufjármunir:			
Viðskiptareikningur afreksmanna			
Viðskiptakröfur		9.662.094	6.501.626
Vörslubækur afreksmanna		1.805.425	1.325.278
Handbært fé		5.795.395	1.003.699
Veltufjármunir alls:		17.262.914	8.830.603
Eignir samtals:		17.262.914	8.830.603
Skuldir og eigið fé:	Skýr.	2014	2013
Eigið fé:			
Staða 1/1		5.716.662	957.412
Hagnaður (tap) ársins		4.227.904	4.759.250
Óráðstafað eigið fé samtals 31/12:		9.944.566	5.716.662
Eigið fé samtals:		9.944.566	5.716.662
Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur afreksmanna		1.724.043	534.752
Aðrar skammtímaskuldir		5.594.305	2.579.189
Skammtímaskuldir alls:		7.318.348	3.113.941
Skuldir og eigið fé samtals:		17.262.914	8.830.603

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

Skýr	31.12.2014	31.12.2013	Áætlun 2014
1. Framlög og styrkir			
Styrkir ÍSÍ	15.332.219	10.848.233	8.160.000
Ólympíusamhjálpin	0	0	0
Styrkur Alþingis	3.500.000	3.100.000	3.100.000
Útbreiðslustyrkur	0	0	1.200.000
Lottó	9.025.742	8.875.742	7.200.000
Mótframlag v/landslíðsverkefna	3.104.424	8.211.913	10.315.000
Ferðastyrkir	1.340.919	1.792.300	
Ýmis fyrirtæki	400.149	1.515.939	1.400.000
Styrktarkerfi	0	0	
	<u>32.703.453</u>	<u>34.344.127</u>	<u>31.375.000</u>
2. Tekjur af mótum			
NMU	0	6.077.353	0
Skráningargjöld sjósund	24.500	23.000	0
Skráningargjöld IMOC	539.000	448.500	250.000
Skólasundmót	180.000	0	0
Kærufé	111.036	10.000	0
Sektir v/móta	0	0	0
	<u>854.536</u>	<u>6.558.853</u>	<u>250.000</u>
3. Þjónustugjald SSÍ			
Þjónustugjald SSÍ	8.965.250	7.715.500	8.000.000
	<u>8.965.250</u>	<u>7.715.500</u>	<u>8.000.000</u>
4. Námskeið og aðrar tekjur			
Þjálfaranámskeið/NSF námskeið	110.000	493.000	0
Sundþing	97.500	188.500	200.000
Uppskeruhátíð	324.000	392.000	700.000
Aðrar tekjur	0	0	0
Minningarsjóður ÓÞG	0	0	
	<u>531.500</u>	<u>1.073.500</u>	<u>900.000</u>
5. Laun og launatengd gjöld			
Laun	6.702.488	5.246.384	5.400.000
Verktakagr landsliðsumsjón	3.600.000	3.300.000	3.600.000
Tryggingagjald	549.418	435.727	504.000
Mótframlag lífeyrissjóður	536.198	419.714	444.000
Stéttarfélagsgjöld	105.896	82.886	120.000
Bifreiðastyrkur	0		
	<u>11.494.000</u>	<u>9.484.711</u>	<u>10.068.000</u>
7. Áhöld og tæki			
Búningar	292.869	144.835	1.000.000
Íþróttáhöld	0	0	0
Skrifstofuáhöld	325.728	116.489	84.000
Fánar/merki/lyklak o.fl.	60.444	206.995	0
Fatnaður stjórn/starfsmenn	80.282	0	150.000
Fatnaður dómara	182.154	0	250.000
	<u>941.477</u>	<u>468.319</u>	<u>1.484.000</u>

8. Undirbúningur landsliða			
Ferðir þjálfara	0	0	0
Æfingabúðir innanlands	740.676	12.705	500.000
Æfingabúðir erlendis	0	1.560.640	0
Fræðsla fyrir landslið	95.000	3.697	
Afreksstyrkir	8.875.300	5.401.800	4.760.000
	<u>9.710.976</u>	<u>6.978.842</u>	<u>5.260.000</u>
9. Ferðakostnaður erlendis			
Alþjóðlegt unglingamót	0	0	0
ÓL/Smáþjóðaleikar	0	2.073.186	0
EM 50	1.031.006	0	0
HM	3.277.631	2.701.119	2.450.000
EM-25	0	1.823.164	1.740.000
Alþjóðlegt mót Afrekshópur	702.775	191.367	0
EMU	1.427.909	1.760.986	1.410.000
NMU	1.357.613	4.152.288	3.510.000
NÆM/Ólympíud Æskunnar	908.317	672.904	1.680.000
Annar ferðakostnaður	2.010	0	0
Alþjóðlegt mót OP	0	0	0
Alþjóðlegt mót landskeppni			4.175.000
Sjúkrakassi/annar kostnaður v/landsl			0
Ljósmyndun	0	0	0
	<u>8.707.261</u>	<u>13.375.014</u>	<u>14.965.000</u>
10. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	816.120	991.069	565.000
Dómgæsla	53.023	237.027	60.000
Sjónvarp	338.250	94.125	
Garpamót	391.796	364.779	250.000
Sjósundmót	41.580	49.756	0
Sundknattleikur	272.980	40.700	
Kaffi/matur v/móta	71.487	54.339	80.000
Skólasundmót	366.476		
Ferðir/gjafir/þvottur	153.517	41.706	120.000
IGLA	0	0	
NMU/Smáþjóðamót/Ísland - Færeyjar	0	5.746.115	0
	<u>2.505.229</u>	<u>7.619.616</u>	<u>1.075.000</u>
11. Rekstur mannvirkja			
Húsaleiga	294.372	345.840	380.000
	<u>294.372</u>	<u>345.840</u>	<u>380.000</u>
12. Rekstur skrifstofu			
Sími	345.495	363.746	240.000
Ritföng	56.901	27.181	60.000
Tímarit	0	0	0
Prentun	44.464	36.868	60.000
Póstkostnaður	0	720	7.000
Fundakostnaður	121.384	335.882	300.000
Þingkostnaður	72.820	415.270	0
Kaffikostnaður og risna	483.848	263.700	204.000
Tölvukostnaður	0	61.034	40.000
Internetþjónusta	401.309	359.539	175.000
Bókhalds og endurskoðunarkostn.	258.609	248.571	275.000

Sorphirða og auglýsingar	32.378	16.364	48.000
Trygging/búnaður	68.173	0	65.000
Gjöld til alþjóðasambanda	154.025	208.808	144.000
Fundir og þing erlendis	1.068.279	584.132	700.000
Annar skrifstofukostnaður	211.982	21.402	
	<u>3.319.667</u>	<u>2.943.217</u>	<u>2.318.000</u>
13. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Námskeiðsgjöld	0	0	250.000
Ferðakostnaður v/námskeiða	0	0	0
Styrkir	0	10.000	0
Markaðsvinna	430.162	300.000	0
	<u>430.162</u>	<u>310.000</u>	<u>250.000</u>
14. Nefndakostnaður			
Nefndir	0	71.533	0
Sundnefnd LEN	180.058	69.020	600.000
Garpanefnd LEN	53.992	274.133	
NSF nefndir	350.843	0	250.000
Björgun	47.125	116.000	
Landsliðsnefnd			0
Dómaranefnd (dómarar erlendis)	0	536.581	300.000
Garpanefnd	0	0	50.000
	<u>632.018</u>	<u>1.067.267</u>	<u>1.200.000</u>
15. Kostnaður v/námskeiðshalds			
Námskeið	0	0	250.000
Dómaranámskeið	131.342	25.630	150.000
Þjálfaranámskeið	63.750	427.482	0
	<u>195.092</u>	<u>453.112</u>	<u>400.000</u>
16. Uppskeruhátíð			
Uppskeruhátíð	627.564	566.558	800.000
Minningarsjóður ÓÞG	0	0	
	<u>627.564</u>	<u>566.558</u>	<u>800.000</u>
17. Önnur gjöld			
Þjónustugjöld Visa/Euro	63.971	63.480	60.000
Þjónustugjöld Banka	53.430	65.560	60.000
Tryggingar	0	65.854	0
Óbeinar afskriftir þjónustugjalda	0	1.126.500	
Vaxtagjöld			120.000
	<u>117.401</u>	<u>1.321.394</u>	<u>240.000</u>
18. Viðskiptakröfur			
Alls	0	0	
Afskrifaðar viðskiptakröfur	-206.350	300.000	
Fyrirfram greitt	286.575	110.856	
	<u>80.225</u>	<u>410.856</u>	
19. Vörslubækur afreksmanna			
Afrek 401931	994	0	
Afrek 400871	127.413	123.981	
Afrek 604713	452	0	

Afrek 604715	181.555	0
Afrek 604324	180.624	18
Afrek 604325	1.209.665	415.357
Afrek 605247	5	1.452
Afrek 605225	0	4
Afrek 605227	2.183	275.743
Afrek 605324	100.864	0
Afrek 605325	1.670	508.723
	0	0

1.805.425	1.325.278
-----------	-----------

20. Handbært fé

Sjóður	30.506	20.293
Arion 640	769.315	-693.373
Arion Leonardo	328.573	324.246
Arion \$180359	204.147	184.205
Íslandsbanki 1327	488.046	1.115.891
Íslandsbanki 7327	27.444	2.188
Íslandsbanki 101760	15.439	5.388
Íslandsbanki \$180045	9.925	8.950
Íslandsbanki EUR.710152	115.204	30.460
Landsbanki 413089	929.977	4.770
NSF 604028	2.876.819	681
	0	0

5.795.395	1.003.699
-----------	-----------

21. Aðrar skammtímaskuldir

Visa skrifstofa	948.795	607.206
Visa formaður	205.358	114.188
Visa varaformaður	500.225	134.187
NSF	-39.872	24.454
Hlín Ástþórsdóttir	84.164	212.964
Ingibjörg Helga Arnardóttir	3.995	3.097
Jacky Pellerin	14.078	0
Speedo	0	0
Icelandair	898.515	-108.564
Securitas	0	0
Ís-Spor	60.600	0
Nova	1.578	51.494
Vodafone	79.554	2.959
Saffran	0	0
Grand/Cabin	0	3.600
Advania	0	0
Penninn	30.359	0
Höldur	0	0
Margt Smátt	74.925	61.496
Netbókhald	2.755	0
NSF formennska	2.599.423	
Emil Örn Harðarson	4.274	
Ýmsir lánadrottnar	125.579	1.472.108

5.594.305	2.579.189
-----------	-----------

Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga

Viðar Helgason leggur fram fyrirspurn um hækkun á viðskiptakröfum á milli ára. Og reyfar þá hugmynd að aðildarfélög þurfi að vera skuldlaus við sambandið til að fá seturétt á þingi.

Ragnar Friðbjarnarson með athugasemd varðandi eigið fé Sundsambandsins, sérstaklega í ljósi þess að sundmenn eru að greiða sjálfir fyrir landsliðsverkefni.

Jóhannes Benediktsson spyr um kostnað vegna uppskeruhátíðar og ferðakostnaðar vegna þinga erlendis og að það hafi farið fram úr áætlunum og bendir á að stjórn þurfi að huga að fara eftir samþykktum fjárhagsáætlunum. Jóhannes telur að SSÍ geti ekki tekið eins mikið þátt í alþjóðlegu starfi og hinar norrænu þjóðirnar.

Lóa Birna Birgisdóttir svarar fyrirspurnum fyrir hönd stjórnar: varðandi fyrirspurn frá Viðari þá er minna útistandandi en kemur fram í reikningum þar sem kröfur vegna þjónustugjalda fóru ekki út fyrr en eftir áramót. Varðandi uppskeruhátíð þá eru tekjur á móti kostnaði.

Hörður svarar fyrirspurn Ragnars og bendir á að gott sé að eiga fé til þess að geta tekist á við dýr ár t.d. ólympíuár og til þess að geta lagt út fyrir kostnaði. Nauðsynlegt fyrir SSÍ að koma sér upp ágætum sjóði. Hörður bendir einnig á vegna fyrirspurnar Jóhannesar að norrænt samstarf sé afar mikilvægt fyrir okkur og við erum að vinna minna í nefndum á vegum LEN en hinar norðurlandþjóðirnar aftur móti eru norrænu þjóðirnar vel starfandi í öllum nefndum á vegum LEN.

Þingforseti beinir því til fjárhagsnefndar að skoða vel hvað þarf til að sérsamband eins og SSÍ sé rekstrarhæft

Reikningar samþykktir samhljóða.

Tillögur sem liggja fyrir Sundþingi 2015:

Þingforseti gefur formanni orðið til að gera grein fyrir tillögum sem liggja fyrir þinginu. Formaður gerir grein fyrir neðangreindum tillögum

Þingskjöl:		Flutt af:	Vísað til:
Þingskjal nr. 2015-06	Fjárhagsáætlun 2015/2016	SSÍ/HJO	Fjárhagsnefndar
Þingskjal nr. 2015-07	Þjónustugjöld SSÍ	SSÍ/HJO	Fjárhagsnefndar
Þingskjal nr. 2015-08 a	Stefna SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2015-08 b	Afreksstefna SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2015-09 a	Handbók SSÍ fyrir sundf	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2015-09 b	Handbók SSÍ fyrir trún.fólk	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2015-10 a	Mótadagskrá SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2015-10 b	Atburðadagatal SSÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2015-11	Tillögur til lagabreytinga	SSÍ/HJO	Laga og leikreglan
Þingskjal nr. 2015-12	Tillögur til br. á alm ákv	SSÍ/HJO	Laga og leikreglan
Þingskjal nr. 2015-13	Tillaga til br á III.kafli	SSÍ/HJO	Laga og leikreglan
Þingskjal nr. 2015-14	Tillaga til br á V.kafli	SSÍ/HJO	Laga og leikreglan
Þingskjal nr. 2015-15 a	Tillögur um AMÍ og UMÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2015-15 b	Tillögur um AMÍ og UMÍ	SSÍ/HJO	Allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 2015-16 a	Tillaga um br á 20.grein	SH/HJO	Laga og leikreglan
Þingskjal nr. 2015-16 b	Tillaga um br á 20.grein	SH/HJO	Laga og leikreglan
Þingskjal nr. 2015-16 c	Tillaga um br á 20.grein	SH/HJO	Laga og leikreglan
Þingskjal nr. 2015-17	Ályktun um brey á reglug	SRR/HJO	Laga og leikreglan

Tillögum vísað til nefnda af þingforseta

kl. 18:45 – 19:15 Léttur kvöldverður

kl. 19:15 – 22:30 Nefndastörf

Laugardagur 7. mars 2013

Niðurstöður nefndastarfa/Atkvæðagreiðslur

Samþykktir þingsins eru birtar í heild aftast í þinggerðinni undir númerum þingskjala.

Tillögur Fjárhagsnefndar:

Fyrir hönd Fjárhagsnefndar mælti Elsa María Guðmundsdóttir með aðstoð Hlínar Ástþórsdóttur.

Þingskjal 2015-07 um þjónustugjöld

Lagt til að gjöld garpa hækki svipað og önnur gjöld og að gjöld vegna víðavatnssunds og annarra sundíþróttabreytist ekki.

Þingskjal borið undir atkvæðagreiðslu með breytingum nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2015-06 Fjárhagsáætlun 2015 og 2016

Fjárhagsáætlun 2015

Þingskjalið tekur breytingum í samræmi við breytingar á samþykktri tillögu í þingskjali 2015-07 og nefndin bætti við kostnaði vegna landsliðsverkefna.

Fyrirspurn vegna tekjuliðs aðrar tekjur frá Sigurbjörgu Róbertsdóttur, skýring á því er að þar inni er innkoma vegna landsliðsverkefna þeas SSÍ hefur ekki fjármagn til að kosta að fullu landsliðsverkefni. Formaður bað um orðið og áréttaði að reynt verði að fá fjármagn inn í hreyfinguna til að ekki þurfi að rukka íþróttamenn fyrir landsliðsverkefni.

Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun 2016

Þingskjalið tekur breytingum í samræmi við breytingar á samþykktri tillögu í þingskjali 2015-07 og nefndin bætti við kostnaði vegna landsliðsverkefna.

Jóhannes Benediktsson spyr af hverju að kostnaður lækki milli ára, skýring á því er að gert er ráð fyrir færri landsliðsverkefnum á árinu 2016. Spurt um aukinn launakostnað, skýringar á því eru aukið starfshlutfall og hækkun samkvæmt kjarasamningum. Spurt um hvort starfsmenn SSÍ séu á launaskrá eða verktakalaunum. Gert ráð fyrir að allir starfsmenn SSÍ verði á launaskrá í framtíðinni.

Samþykkt samhljóða

Tillögur Allsherjarnefndar:

Fyrir hönd Allsherjarnefndar mælti Viðar Helgason.

Þingskjal 2015-08 Stefna og Afreksstefna SSÍ

Lagt til að verði lögð fyrir þingið óbreytt.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-08a Stefna SSÍ

Nefndinni fannst full mikið að talað væri um að það væri forgangsverkefni að kynna sundknattleik í grunnskólum. Lagt til að breyta orðalagi. Nefndin leggur einnig til að kafli um landsliðsverkefni verði byggður upp á svipaðan hátt og kafli um unglingslandslíð.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-08b Afreksstefna SSÍ

Lagt til að verði lögð fyrir þingið óbreytt. Formaður bendir á að breytingar á þingskjali 8a eigi við hér líka, þessu skjali þurfi því að breyta líka.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-09a og 9b Handbók SSÍ - fyrir sundfólk og trúnaðafólk SSÍ

Engar breytingar gerðar en nefndin sammála um að leggja til að tekin verði upp sú vinnuregla að tengill á handbókina verði sendur með gögnum til foreldra og sundmanna sem fara í verkefni á vegum SSÍ.

Formaður lýsir ánægju með þessa tillögu sem nefndin leggur til. Leggur líka til að handbókin verði unnin áfram og að inn í hana komi líka leiðbeiningar fyrir mót innanlands. Formaður auglýsir eftir fólki til að koma inn í þá vinnu að gera þær leiðbeiningar.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-10 Mótadagskrá og dagatal

Nefndin gerði nokkrar breytingar á framsetningu. Samræmt orðalag vegna móta í 25 og 50 m laug. Orðalag gert almennara í lið e.

Sigurbjörg Róbertsdóttir kom með tillögu um að sameina lið c og e með því að breyta orðalagi í lið e og fella þá c lið út. Þeim liðum var breytt.

Tillagan borin upp til samþykktar með breytingum.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-15 Samræming á reglugerðum AMÍ og UMÍ

Nefndin leggur til að þingskjal 2015-15b verði notað til grundvallar í vinnu við breytingum á AMÍ/UMÍ

Þingforseti óskar eftir að þingskjal 2015-15b verði tekið fyrir á undan 2015-15

Nefndin leggur til að það verði fellt út að 10 og yngri geti tekið þátt í keppni um aldursflokkeistara en sett í staðin að 11 ára og eldri taki þátt í keppni um aldursflokkeistara

Ragnar Friðbjarnarson spyr hvort að 11 ára sundmenn geti orðið aldursflokkeistarar í flokknum 11-12 ára. Einhver misskilningur hefði orðið síðast varðandi aldursflokk og árgang.

Formaður ræddi um að AMÍ byggi á aldursflokkum og finnst að við ættum að halda okkur við það. Leggur til að varatillaga verði notuð. Þingforseti biður um formlega tillögu.

Sigurbjörg Róbertsdóttir skýrir út tillöguna varðandi árganga og aldursflokka og þá líka aðaltillöguna og varatillöguna. Viljum að allir fái að njóta sín ekki bara þeir sem eru á eldra ári í aldursflokkum, telur það betra fyrir yngri sundmenn.

Magnús Tryggvason lítur þannig á að tillagan sé opin og þá vinnunefnd AMÍ vinni úr þessu. Árgangskipting þurfi ekki að trufla aldursflokka varðandi met og annað.

Karl Pálmason 10 ára og yngri eiga ekki heima á mótinu ef þau geta ekki orðið aldursflokkeistarar.

Þuríður Einarsdóttir telur að það vanti samræmi, að það sé ekki gott að vera með árganga og aldursflokka. Þingforseti óskaði eftir formlegri tillögu.

Ragnar Friðbjarnarson mynnti á að á fundi þjálfara hefði verið samstaða um að nota árganga telur að SSÍ fari gegn því með því að hafa aldursflokka.

Jóhannes Einarsson finnst að allir hafi eitthvað til síns máls en í hópípróttum eru notaðir aldursflokkar og telur hann ekkert óeðlilegt við það. Mikið af verðlaunum ef notaðir eru árgangar.

Formaður mótmælir því að SSÍ fari ekki eftir vilja þjálfara og bendir á að engar athugasemdir hafi borist.

Tillaga formanns um að varatillaga verði notuð til grundvallar á vinnu við AMÍ 2015 er felld með þorra atkvæða.

Tillaga Þuríðar Einarsdóttur um aldursflokka var samþykkt með þorra atkvæða

Tillögurnar eru með þingskjalinu aftar í þinggerðinni.

Ragnar Friðbjarnarson spyr um lágmark á þetta mót miðað við þessa breytingar.

Formaður óskar eftir tillögum frá þjálfurum fyrir mánudag, þannig að hægt verði að leggja það fyrir næsta stjórnarfund.

Þingskjal 2015-15b samþykkt með breytingum

Nefndin leggur til að þingskjal 2015-15 verði samþykkt óbreytt

Samþykkt samhljóða

Nefndin leggur til að þingskjal 2015-15a verði samþykkt með orðalagsbreytingum og einnig lagt til að fulltrúum í AMÍ nefnd verði fjölgað úr sjö í níu. Tveir fulltrúar í stað eins kosnir á sundþingi og tveir fulltrúar sundmanna í stað eins.

Samþykkt samhljóða.

Tillögur Laga og leikreglanefnd:

Fyrir hönd Laga og leikreglanefndar mælti Trausti Gylfason.

Þingskjal 2015-11 Breytingar á lögum SSÍ

Nefndin leggur til að breytingarnar verði samþykktar, en stjórn SSÍ þarf að skoða að garpar og þriðrautarkeppendur greiði fullt gjald til SSÍ til að vera kjörgengir á sundþingi. Nefndin telur nauðsynlegt að þjálfaranefnd og landsliðsnefnd vinni saman til að tryggja að samskiptin sé í lagi. Borið hefur á að þjálfarar vita ekki hvað landliðsnefndin aðhefst. Þjálfaranefndin hefur hingað til aðeins einu sinni verið kölluð saman sem er of lítið til að tryggja virkni nefndarinnar. Nefnd er óþörf ef hún hefur ekkert að segja. Að öðrum kosti á að sameina þessar nefndir. Báðar nefndirnar huga að velferð sundmanna.

Ef SSÍ telur nauðsynlegt að skipa þurfi nefnd á milli sundþinga.

Formaður upplýsir að garpar greiða gjöld til SSÍ. Ræðir aðeins um skráningar í Felix. Þeir sem eru fulltrúar á sundþingi koma í gegnum félögin hvort sem það eru garpar eða einhverjir aðrir.

Karl Georg Klein áréttar það að garpar greiði gjöld til SSÍ með keppnisgjöldum á IMOC

5. grein samþykkt samhljóða

7. grein samþykkt samhljóða

12. grein samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-12 Breytingar á almennum ákvæðum SSÍ

Varðandi 7. grein þá eru engar athugasemdir frá nefndinni.

Varðandi 12. grein þá eru engar athugasemdir frá nefndinni.

Varðandi 18. grein þá leggur nefndin til að mótaskýrsla og úrslit verði sendar inn til SSÍ rafrænt. Ekki er beðið um alla útprentun frá mótunum. Hægt er að nálgast hvert mót í ARESINN ef vantar upplýsingar. Leggjum til að aðildafélögin geymi hjá sér útprentuð gögn í eitt ár eftir lokadagsetningu sundmóts.

Varðandi 25. grein

Í lið nr 1. leggur nefndin til að fyrirsögnin verður þjálfari eða staðgengill hans. Taka út liðstjóra.

Í lið nr. 2 að hafa kæruféð í reiðufé sem er greitt á staðnum. Breytingar á orðalagi, orðið yfirdómari fært upp.

Í lið nr. 3 bæta inn orði „rökstudda“ ákvörðun

Í lið nr. 4 eru engar athugasemdir frá nefndinni

Í lið nr. 5 eru engar athugasemdir frá nefndinni

Í lið nr. 6 eru engar athugasemdir frá nefndinni

Varðandi 20. grein

Hafa 30 daga varðandi félagaskiptagluggann. Tilkynna þarf samstarf félaga í upphafi þess og við samstarfsslit til SSÍ. Samstaða í nefndinni um a liðinn.

Varðandi lið b og c var mikil umræða og ekki samstaða um þá liði. Og skal tekið fram þrátt fyrir ákvörðun SSÍ þá skal það áréttað að ÍSÍ getur breytt niðurstöðu sundþings. Nefndin vill að allir liðir bornir upp til atkvæðagreiðslu þingmeðlima. Skilningur í nefndinni mjög misjafnt.

Umræða um 7. grein

Formaður minnr á að þetta eru reglugerðarbreytingar og stjórn SSÍ vill fá umræðu um þessar breytingar en þarf ekki að skrifa reglurnar á staðnum, viljum fá efnislegar breytingar. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á staðfestingu þessarar reglna

Umræða um 15. grein

Umræða um 18. grein

Sigmar Björnsson minnr á að taka út „útprentun úr tímatökutækjum“ stjórn þarf að taka athugasemdir nefndarinnar og laga þessa grein.

Umræða um 25. Grein

Formaður skýrir að þessi grein er tekin beint úr FINA reglum og telur rétt að hafa textann eftir upprunalegu reglunni og telur að orðið liðsstjóri eigi að vera inni. Ingibjörg Kristinsdóttir skýrir af hverju nefndin lagði til að „liðsstjóri“ væri tekið út, skipaður liðsstjóri hefði ekki alltaf réttar forsendur til að leggja fram kærur.

Formaður skýrði frá því að þessi umræða hafi komið upp á FINA þingi og þá rætt um hver getur haft umboð fyrir sundmanninn, með þessu móti er verið að skilgreina það umboð. Þjálfari getur einnig verið liðsstjóri en það sér skilgreint hver þessi aðili er.

Fyrirspurn hvort eigi að skrá liðsstjóra fyrirfram með skráningum á mót.

Umræða um 20. grein

Sigurbjörg Róbertsdóttir spyr hvort að hvaða félög sem er geti sameinast, hvaðan sem er á landinu, bara ef þau tilkynna það til SSÍ.

Magnús Tryggvason segir að hingað til hafa keppt undir merkjum síns héraðssambands og á öðrum mótum undir merkjum síns félags án vandamála og mörg dæmi um það. Þannig að ef félög í Reykjavík keppi undir merkjum ÍBR er það bara sama og ÍRB.

Af hverju er ekki hægt að gera þetta í sundi eins og öðrum íþróttagreinum td eins og Gróttta-KR **Ingibjörg Kristinsdóttir**, umræðan hjá nefndinni var að ef að félög ákveða að vinna saman og þau tilkynni það og klári það keppnistímabil að það sé ekki hægt að breyta því með stuttum fyrirvara.

Formaður skýrði aðdraganda að þessari tillögu en sl vetur þá komu upp efasemdir á lögmati þess að keppt væri undir merkjum héraðssambands og í ljós hefur komið að það eru skiptar skoðanir um það hvernig á að túlka ákveðnar reglur og ekki hafa komið skýr svör frá ÍSÍ varðandi það. Er verið að gera tilraun til að skilgreina hver sé réttur sundmanns og hver sé réttur félags.

Jóhannes Einarsson telur stórvafasamt að samþykkja þessa tillögu og vill heldur halda þessu eins og það er og telur í lagi að það sé tilkynnt með mánaðarfyrirvara hvort félag keppi undir sínu nafni eða nafni þess héraðssambands sem það er aðili að. Telur það afturför að samþykkja þessa tillögu.

Trausti Gylfason tekur undir með Jóhannesi og minnr á að það var ekki sameiginlegur skilningur í nefndinni á þessari tillögu og telur varasamt að samþykkja tillögu sem við erum ekki hundrað prósent klár á.

Ragnar Friðbjarnarson segir að það er hefð fyrir því að keppa undir íþróttabandalögum héraðssamböndum og að sundmennirnir okkar þurfa að fá skýr svör varðandi hvort þau megi keppa undir merkjum íþróttabandalags. Þurfum að komast að niðurstöðu.

Ingibjörg Kristinsdóttir sagði að nokkrum sundmönnum hefði verið boðið að koma á sundþing og tjá sýnar skoðanir. Þau vildu fá að tjá sig á nefndarfundum en voru gerð afturreka. Og því spurning hvort þau hafi heimild til þess.

Forseti les upp úr reglugerð um sundþing hverjir hafa seturétt á sunþingi, og þar kemur fram að stjórn SSÍ getur boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til.

Trausti Gylfason tjáði að mjög óvænt að nokkrir sundmenn komu á fund nefndarinnar og hófu að tjá sig og tilkynnti þeim að þau hefðu ekki skráð sig í þessa nefnd og þótti það mjög leitt að setja ofan í við þau. Telur að ef eigi að bjóða sundmönnum að sitja sundþing þá þurfi að tilkynna það til félugganna þannig að þau geti gert viðeigandi ráðstafanir.

Formaður skýrði frá því að sundmenn hefðu komið að máli við hann og óskuðu eftir að koma á sundþing og hann sá því ekkert til fyrirstöðu og taldi að það þyrfti ekki sérstaka stjórnarsamþykkt til að bjóða þeim á þingið til að hlusta á það sem þar sem fram færi. Kannski verið betra að senda á öll félög. Besta lausnin væri að vísa þessari tillögu til sjórnar til áframhaldandi vinnslu. Við verðum þá sammála um það að við gerðum ekki breytingar á skilningi okkar að félög gætu hvenær sem er keppt undir merkjum íþróttabandalaga.

Viðar Helgason er ánægður að vísa a-lið til áframhaldandi vinnslu hjá stjórn, vegna þess að þá er í það minnsta áratuga hefðarréttur fyrir héraðssambönd að senda lið til keppni. Við ættum því ekki að þrengja þann rétt sem þessi grein felur í sér. Telur það óheppilegt að það boð sem sundmennirnir fengu á þingið gildi ekki til að tjá sig, það hefði verið hægðarleikur fyrir Íþróttabandalag Reykjavíkur að setja þessa einstaklinga á lista sem varafulltrúa og hefðu því þannig getað tekið þátt í nefndarstörfum. Okkar meginviðfangsefni er hvernig við ætlum að efla sundhreyfinguna og við í Reykjavík fórum þessa leið að elstu sundmenn úr þessum fjórum félögum fóru að æfa saman. Krafturinn hjá þessum félögum hefur farið í að slást um tíma í lauginni og þarna var ákveðið að æfa saman á besta tíma með besta fólkið, það hefur haft mjög góð áhrif á hópinn og það er þeirra ósk að geta keppt saman líka.

Þingforseti skýrir frá tillögu sem er eftirfarandi:

Lagt er til að 20. grein verði vísað aftur til stjórnar til frekari vinnslu og leggi niðurstöðu fyrir sundþing 2017. Sundþing er sammála um að áratuga hefðarréttur til að sameina félög undir merkjum íþróttabandalags og héraðssambands á einstökum mótum verði óbreyttur þar til önnur niðurstaða fæst. Hörður J Oddfríðarson.

Magnús Tryggvason lýsir ánægju sinni með orð Viðars og þessari tillögu frá Herði. Fagnar því að félögin í Reykjavík vinni saman og telur að það verði til þess að við fáum betri sundmenn og það er það sem þetta snýst allt um.

Sigurbjörg Róbertsdóttir leggur til að öllum þessum liðum verði vísað frá, spyr hvað það þýðir að þetta fari til stjórnar, verður þetta þá komið inn í reglurnar á milli sundþinga og að það sé að hreinu að það er ekki það sem félögin vilja, þau vilja hafa eitthvað um þessa reglugerð að segja.

Ingibjörg Kristinsdóttir skýrði að það hefði verið rætt í nefndinni að vísa þessu til stjórnar SSÍ með þeim formerkjum að sú vinna yrði svo lögð fyrir formannafund eða næsta sundþing.

Viðar Helgason leggur fram breytingartillögu við tillögu Harðar: að töluliður a í 20. grein verði vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu, b og c liðirnir standi eftir. Þeir eru í raun fyrst og fremst til áréttingar á hefðarreglunum og við séum ekki með því að fella þá út að þrengja möguleika félaganna

Formaður skýrir verklag stjórnar að það sé nú ekki þannig að við setjum á reglur án þess að vera í samráði við félögin.

Þingforseti tilkynnir að það sé komin fram frávísunartillaga Tómasi Gísla Guðjónssyni um að vísa 20. grein a, b og c frá. Tillagan er borin fram munnlega og til atkvæða án umræðu.

Frávísunartillagan er felld með þorra atkvæða gegn 8

Karl Pálmason telur að landsbyggðin sé hrædd við það að félögin í Reykjavík séu að sameinast miðað við þann mannfjölda sem er á bak við það. Hefðin hefur ekki verið sú að Reykjavíkurfélögin hafi tekið sig saman heldur hefur hefðin verið að lítil félög úti á landi hafi sameinast í keppni.

Magnús Tryggvason telur að þetta geti ekki virkað í aðra áttina, það skiptir ekki máli hvað félögin eru stór, þetta fer all í hringi, á tímabili eru landsbyggðarfélögin að vinna Reykjavíkurfélögin og öfugt. Áherslan á að vera á gott sundstarf.

Viðar Helgason varðar b og c liðina, þá er b-liðurinn að opna fyrir það að félög keppi með sína sundmenn í einstaklingsgreinum undir merkjum félags en gætu slegið saman í

boðsundsveitir með öðrum félögum, það gefur ýmsa möguleika. Hvetur til þess að liður b og c standi og en a-lið vísað til áframhaldandi vinnslu.

Sigurbjörg Róbertsdóttir hvetur til þess að þingið samþykki tillögu Harðar að vísa öllu til stjórnar SSÍ. Hvatti til þess að félögin notuðu yngri sundmenn í boðsund frekar en að sameinast í boðsund með öðrum félögum.

Breytingartillaga Viðars um að halda b og c lið til afgreiðslu.

Felld með þorra atkvæða 7 á móti

Breytingartillaga Harðar um að vísa 20. grein til áframhaldandi vinnslu hjá stjórn SSÍ til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða

7. grein samþykkt samhljóða

15. grein samþykkt samhljóða

18. grein samþykkt samhljóða

25. grein í heild sinni samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-13 Breytingar á III. kafla laga og reglugerða SSÍ

Nefndin var sammála um að þetta væri sama málefni og í þingskjali 2015-11 og vísað er í sömu niðurstöðu.

Engar umræður um tillöguna.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-14 Breytingar á 7. grein V. kafla laga og reglugerða SSÍ

Nefndin gerir engar athugasemdir við þessa tillögu.

Engar umræður um tillöguna.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 2015-16a Breytingar á 20. grein Almennra ákvæða SSÍ

Tillagan dregin til baka

Þingskjal 2015-16b Breytingar á reglugerð um íslensk met

Tillagan dregin til baka

Þingskjal 2015-16c Breytingar á reglugerðum um Íslandsmót

Varðandi 5. grein var nefndin á því að vísa til stjórnar SSÍ sem í samvinnu við þjálfaranefnd og landsliðsnefnd að endurmeta greinaröðun og fjölda mótisdaga. Ekki er lagt til að 400m verði breytt þannig að sundmenn missi tækifæri á að synda sínar greinar í tvígang þ.e. bæði í undanrásum og úrslitum, með tilliti til þess hvað margir mótisdagar eru.

Samþykkt samhljóða með athugasemdum

Varðandi 6. grein leggur nefndin til að verðlauna beri íslandsmeistara sérstaklega. Stjórn SSÍ er falin frekari útfærsla.

Umræða um að hvort eigi að verðlauna fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti sérstaklega. Var samkomulag um það að fara með þessar athugasemdir með tillögunni til afgreiðslu.

Breytingartillaga frá Tómasi Gísla Guðjónssyni er eftirfarandi:

Verðlaun eru veitt fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein fyrir alla sundmenn sem eru skráðir íslensk sundfélög. Einungis íslenskir ríkisborgarar geta hlotið titilinn Íslandsmeistari.

Í því tilviki sem alþjóðlegir keppendur vinna til verðlauna verður að veita viðbótar verðlaun fyrir „opinn flokk“ fyrir fyrstu þrjú sætin.

Breytingartillagan er samþykkt með 19 atkvæðum gegn 16

Formaður óskaði eftir því að fjárhagsnefndin kæmi saman aftur og færi yfir hvernig og hvort fyrri samþykktir hefðu áhrif á áður samþykktu fjárhagsáætlun. Ákveðið að fjárhagsnefndin starfi meðan á ráðstefnu stendur.

Pingskjal 2015-17 Boðsundsveitir

Nefndin leggur til að þessari tillögu verði vísað.

Samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.

Kosningar í stjórn SSÍ og kosnir skoðunarmenn reikninga

Tillaga um að Ingibjörg Kristinsdóttir verði kjörin til tveggja ára í stað Ólafs Baldursonar. Tillögur um að Bjarney Guðbjörnsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir, Pétur Einarsson og Richard Kristinsson verði kjörin til 4 ára. Engin mótframboð og skoðast þau því réttkjörin. Lagt var til að varamenn til 2 ára yrðu Jónas Tryggvason og Eva Hannesdóttir, engin mótframboð bárust og skoðast þau því réttkjörin. Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Júlíus Guðnason og Bjarney Snævarsdóttir. Engin mótframboð bárust og skoðast þau því réttkjörin.

Sitjandi í stjórn tímabilið 2013-2017 eru þau Hörður J Oddfríðarson, Hlín Ástþórsdóttir, Lóa Birna Birgisdóttir og Ragnar Marteinson.

Stjórn SSÍ 2015 - 2017

Formaður SSÍ – kjörtími 2013 til 2017

Hörður J. Oddfríðarson ÍBR

Stjórn SSÍ – kjörtími 2013 til 2017

Hlín Ástþórsdóttir ÍBH

Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR

Ragnar Marteinson ÍBR

Ingibjörg Kristinsdóttir ÍBR (2015 – 2017)

Stjórn SSÍ – kjörtími 2015 til 2019

Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA

Pétur Einarsson

Elsa María Guðbjörnsdóttir ÍBA

Richard Kristinsson ÍBR

Varamenn í stjórn SSÍ – kjörtími til 2017:

Eva Hannesdóttir ÍBR

Jónas Tryggvason ÍBR

Skoðunarmenn reikninga – kjörtími til 2015:

Júlíus V Guðnason ÍA

Bjarney S Snævarsdóttir ÍRB

Kosning í AMÍ nefnd

Jóhannes Benediktsson, Karl Pálmason, Sigurbjörg Róbertsdóttir og Sólrún Gunnarsdóttir buðu sig fram í nefndina og þar sem einungis tvö sæti eru laus var leynileg atkvæðagreiðsla.

Formaður notaði tækifæri á meðan kosningar í AMÍ nefnd fór fram og þakkaði málefnalega umræðu. Einnig vildi hann bjóða nýtt stjórnarfolk velkomið til starfa og þakka þeim sem eru að ljúka störfum eða hafa lokið störfum á tímabilinu. Hvatti félög til að vera í sambandi við stjórn SSÍ, því samband stjórnar getur aldrei orðið einungis einstefnusamband. Hvatti félögin líka til að tilnefna í nefndir SSÍ. Minnti á að það eru ellefu í stjórn SSÍ.

Niðurstaða kosninganna voru þannig að Sigurbjörg fékk 24 atkvæði, Karl fékk 22 atkvæði, Jóhannes fékk 13 atkvæði og Sólrún 21 atkvæði og eru því Sigurbjörg og Karl réttkjörin í nefndina.

Hlé á þingstörfum fram yfir ráðstefnu

Þingforseti tilkynnti að fjárhagsnefndin hefði komið saman og mat þeirra hefði verið að ekki þyrfti að taka upp fjárhagsáætlunina þrátt fyrir aukinn kostnað við verðlaunaafhendingar, tekist á við það sem eðlilegt frávík.

Samþykktir þingsins eru birtar í heild aftast í þinggerðinni undir númerum þingskjala.

Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust.

Sigurbjörg Róbertsdóttir varðar heimasíðu SSÍ, það er ekki nóg að skipta um kerfi heldur er það efnið á síðunni sem skiptir máli og að halda því við, bæði íslandsmetatilkynningar, fundargerðir og sárlega vantar það sem var rætt á formannafundi í haust. Mætti líka vera listi yfir alla formenn félaga, einnig vantar fundargerð formannafundar. Mjög mikilvægt að bæta heimasíðu SSÍ.

Magnús Tryggvason brýnir fólk til góðra verka, það er ljóst að við erum með góðan efnivið í höndunum og við getum alltaf gert betur og við þurfum að vinna saman. Ef það þarf að skamma einhvern er það í lagi, klapp á bakið er líka gott en til þess að gera sundlífið okkar betra, þá erum við með þrjá mjög frambærilega sundmenn á alþjóðlegum mælikvarða í dag og sé ekki að fjölgi í þeim hópi fyrir Ólympíuleikana 2016, nema kannski um einn. Ef við viljum hafa þá fleiri 2020 þá er tíminn núna til þess að fara að vinna í því og það sem hefur farið fram hér í dag er ágætis grunnur og gott innlegg í þá umræðu.

Þingforseti þakkar fyrir sig og segir frá því að hann sé fyrrverandi formaður Sundsambands Íslands, gekk út úr stjórn 2008, síðan þá hefur sund breyst mikið en ansi mörg málefni eru ákaflega gamalkunnug og frá því hann kom fyrst á þennan vettfang fyrir um tuttugu árum, þá eru sum málefni nákvæmlega í sömu sporum og eiga líka að eilífðarverkefni. Þakkar þingfulltrúum sérstaklega vel fyrir góða setu, nefndarstörf, þingseta og þátttaka í ráðstefnunni óvenju góð. Gaman að fá að vera með.

Formaður slítur sundþingi. Minnir á að veiting heiðursmerkja fer fram nú að loknu þingi.

Samþykktir 61. Sundþings 2015

Þingskjal 2015-07 með breytingum fjárhagsnefndar (ath! Röngum skjölum var dreift. Neðangreindar forsendur þjónustugjalda eru í samræmi við forsendur samþykktar á Sundþingi 2013 og einnig forsendur fjárhagsnefndar Sundþings 2015 og umræðu í nefndinni. Ekki stóð til að lækka þjónustugjöld, heldur hækka þau í samræmi við hækkanir 2013, enda kom það fram í umræðu á þinginu. Þau gögn – sjá yfirstrikaðan texta, sem lögð voru fyrir eru augljóslega viðmiðunargögn frá árinu 2013). HJO

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 6. og 7. mars 2015 samþykkir að þjónustugjöld SSÍ fyrir árin 2015 - 2017 verði með eftirfarandi hætti:

1) Gjöld almennra sundiðkenda í félögum

- a. Einstaklingsgjald sundiðkenda kr. 2.800,00 og mótagjald sundiðkenda kr. 6.000,00 verða óbreytt út árið 2015
- b. Einstaklingsgjald sundiðkenda hækkar um 3,5% 1.janúar 2016 og verður kr. 2.900,00
- c. Einstaklingsgjald sundiðkenda hækkar um 3,4% 1.janúar 2017 og verður kr. 3.000,00
- d. Mótagjald sundiðkenda hækkar um 4,2% 1.janúar 2016 og verður kr. 6.250,00
- e. Mótagjald sundiðkenda hækkar um 4% 1.janúar 2017 og verður kr. 6.500,00
- f. Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.

2) Gjöld garpa verið innheimt í tengslum við IMOC

- a. Gjöld garpa verða óbreytt út árið 2015 þe upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein kr. 2.800,00, gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina kr. 1.500,00 (allt að 3 greinar), gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0,00, og hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi skal innheimta af honum kr. 2.500,00.
- b. Upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein hækkar um 3,5% 1.janúar 2016 og verður kr. 2.900,00
- c. Upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein hækkar um 3,4% 1.janúar 2017 og verður kr. 3.000,00
- d. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina hækkar um 3,3% 1.janúar 2016 og verður kr. 1.550,00 (allt að 3 greinar)
- e. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina hækkar um 3,2% 1.janúar 2017 og verður kr. 1.600,00 (allt að 3 greinar)
- f. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0,00.
- g. Ekkert gjald er innheimt vegna þátttöku í boðsundsgrein að því tilskyldu að viðkomandi einstaklingar hafi tekið þátt í amk einni einstaklingsgrein hver.
- h. Gjald fyrir boðsund hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi hækkar um 3,5% 1.janúar 2016 og verður kr. 2.900,00
- i. Gjald fyrir boðsund hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi hækkar um 3,4% 1.janúar 2017 og verður kr. 3.000,00
- j. Öll gjöldin skulu vera greidd amk þremur dögum fyrir upphaf IMOC.

- k. Ekki er heimilt að endurgreiða gjaldið nema um sannanleg veikindi eða slys hafi verið að ræða.

3) Gjöld vegna Víðavatnssunds

- a. Gjöld vegna Íslandsmóts í Víðavatnssundi verða fyrir árið 2015 (óbreytt frá fyrra ári)
 - i. 1 km, kr. 1500,00 (kr. 2.500,00 ef skráning á staðnum)
 - ii. 3 km, kr. 2500,00 (kr. 3.500,00 ef skráning á staðnum)
 - iii. 5 km, kr. 2700,00 (kr. 3.700,00 ef skráning á staðnum)
 - iv. 3 km liðakeppni kr. 1.500,00 per sundmann (kr. 2.500,00 ef skráning er á staðnum)
- b. Sundþing felur stjórn að ákvarða hækkanir fyrir árin 2016-17 skapist aðstæður til slíks

4) Gjöld vegna annarra Sundíþróttá

- a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundíþróttá skapist aðstæður til slíks.

5) Gjöld almennra sundiðkenda í félögum

- a. Einstaklingsgjald sundiðkenda kr. 2.500,00 og mótagjald sundiðkenda kr. 5.500,00 verða óbreytt út árið 2015
- b. Einstaklingsgjald sundiðkenda hækkar um 4% 1.janúar 2016 og verður kr. 2.600,00
- c. Einstaklingsgjald sundiðkenda hækkar um 5,8% 1.janúar 2017 og verður kr. 2.750,00
- d. Mótagjald sundiðkenda hækkar um 4,5% 1.janúar 2016 og verður kr. 5.750,00
- e. Mótagjald sundiðkenda hækkar um 4,5% 1.janúar 2017 og verður kr. 6.000,00
- f. Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.

6) Gjöld garpa verið innheimt í tengslum við IMOC

- a. Gjöld garpa verða óbreytt út árið 2015 þe upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein kr. 2.500,00, gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina kr. 1.500,00 (allt að 3 greinar), gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0,00, og hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi skal innheimta af honum kr. 2.500,00.
- b. Upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein hækkar um 4% 1.janúar 2016 og verður kr. 2.600,00
- c. Upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein hækkar um 5,8% 1.janúar 2017 og verður kr. 2.750,00
- d. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina hækkar um 3,3% 1.janúar 2016 og verður kr. 1.550,00 (allt að 3 greinar)
- e. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina hækkar um 3,2% 1.janúar 2017 og verður kr. 1.600,00 (allt að 3 greinar)
- f. Gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0,00.
- g. Ekkert gjald er innheimt vegna þátttöku í boðsundsgrein að því tilskyldu að viðkomandi einstaklingar hafi tekið þátt í amk einni einstaklingsgrein hver.
- h. Gjald fyrir boðsund hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi hækkar um 4% 1.janúar 2016 og verður kr. 2.600,00
- i. Gjald fyrir boðsund hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi hækkar um 5,8% 1.janúar 2017 og verður kr. 2.750,00

- j. Öll gjöldin skulu vera greidd amk þremur dögum fyrir upphaf IMOC.
 k. Ekki er heimilt að endurgreiða gjaldið nema um sannanleg veikindi eða slys hafi verið að ræða.

7) Gjöld vegna Viðavatnssunds

- a. Gjöld vegna Íslandsmóts í Viðavatnssundi verða fyrir árið 2015 (óbreytt frá fyrra ári)
- i. 1 km, kr. 1500,00 (kr. 2.500,00 ef skráning á staðnum)
 - ii. 3 km, kr. 2500,00 (kr. 3.500,00 ef skráning á staðnum)
 - iii. 5 km, kr. 2700,00 (kr. 3.700,00 ef skráning á staðnum)
 - iv. 3 km liðakeppni kr. 1.500,00 per sundmann (kr. 2.500,00 ef skráning er á staðnum)
- b. Sundþing felur stjórn að ákvarða hækkanir fyrir árin 2016-17 skapist aðstæður til slíks

8) Gjöld vegna annarra Sundíprótta

- a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundíprótta skapist aðstæður til slíks.

Þingskjal 2015-06 með breytingum fjárhagsnefndar

Fjárhagsáætlun SSÍ 2015 og 2016		
	2015	2016
TEKJUR:		
1 Framlög og styrkir		
Framlög + styrkir alls	29.430.000	26.320.000
2 Tekjur af mótum		
Tekjur af mótum alls	9.600.000	10.019.000
3 Aðrar tekjur		
Aðrar tekjur alls	13.828.000	11.557.500
TEKJUR ALLS:	52.858.000	47.896.500
GJÖLD:		
4 Laun og verktakagr		
Laun og verktakagr alls	11.592.000	12.096.000
5 Áhöld og tæki		
Áhöld og tæki alls	1.960.000	1.640.000
6 Undirbúningur landsliða		
Undirbúningur landsliða alls	10.680.000	19.542.500
7 Mótakostn erlendis		
Mótakostn erlendis alls	20.098.250	6.457.500
8 Kostn v/mótahalds		
Kostn v/mótahalds alls	1.490.000	1.510.000
9 Rekstur mannvirkja		
Rekstur mannvirkja alls	380.000	440.000

10	Rekstur skrifstofu		
	Rekstur skrifstofu alls	3.536.000	3.496.000
11	Kynning, fræðsla og útbreiðsla		
	Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	1.780.000	1.780.000
12	Önnur gjöld		
	Önnur gjöld alls	120.000	120.000
13	Annar kostnaður		
	Annar kostnaður alls	670.000	670.000
	REKSTRARGÖLD ALLS:	52.306.250	47.752.000
	TAP / HAGNAÐUR	551.750	144.500

Þingskjal 2015-08

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. og 7. mars 2015

samþykkir Stofnu SSÍ og Afreksstofnu SSÍ eins og þær birtast í þingskjölum 2015-08a og 2015-08b.

Þingskjal 2015-08a með breytingum


61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni 6. og 7. mars 2015

SUNDSAMBAND ÍSLANDS

STEFNA SSÍ

2015 - 2024

HORFT TIL FRAMTÍÐAR



MARKMIÐ OG LEIÐIR

FORMÁLI

Að stunda sundíþróttir til keppni er mjög agaður lífstíll sem krefst mikillar sjálfstjórnar, andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar og síðast en ekki síst ákvörðunar um að leggja sig fram og ná árangri. Þeir sem stunda sundíþróttir til keppni þurfa einnig á góðum og staðföstum stuðningi að halda.

Svo eru þeir sem stunda sundíþróttir sér til ánægju og yndisauka. Það er ekki síður lífsstíll sem er til eftirbreytni. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir SSÍ að eiga sér stefnu í öllum sundíþróttum og sérstaklega iðkun almennings.

Það er gert hér í þessu litla hefti. Afreksstefnan er sett fram sem sérstakt þingskjal á Sundþingi, en á sér samt sem áður stoð í heildarstefnu SSÍ.

Það er von stjórnar SSÍ að þessi framtíðarsýn geti áfram verið áttaviti sundhreyfingarinnar til frekari útbreiðslu og afreka en minnir jafnframt á að texti í þessum dúr á að vera lifandi og breytilegur í raunverulegri framkvæmd.

Með kveðju
Fyrir hönd stjórnar SSÍ
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

INNGANGUR

SUNDSAMBAND ÍSLANDS er vettvangur íþróttabandalaga, héraðssambanda, sundfélaga/deilda og einstaklinga á Íslandi og bakhjarl kennslu og þjálfunar í sundíþróttum og iðkunar almennings.

Starfssemi SSÍ tekur til allra sundíþrótta þó keppnissund sé enn öflugasta greinin sem stunduð er innan vébanda sambandsins. Stefna sambandsins miðar einnig að því að þeir sem stunda sundíþróttir, til keppni eða heilsubótar, geri það sér til heilbrigðis og ánægju.

Sundsamband Íslands er sá aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands sem fer með æðsta vald og sameiginleg málefni sundhreyfingarinnar í landinu, í samræmi við lög ÍSÍ, SSÍ og samþykktir íþrótt- og sundþinga.

Framtíðarsýn

SSÍ eflir áhuga á sundi, skapar starfsemi sundfélaga traustari grunn og styrkir umgjörð þeirra og fagmennsku. SSÍ kemur fram sem málsvári sundíþrótta og vinnur með yfirvöldum og öðrum að því að bæta aðstæður til sundiðkunar. Allir eiga að fá tækifæri til að læra og iðka sundíþróttir sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

SSÍ eflir sundíþróttaiðkun, bæði til keppni en ekki síður meðal almennings. Sundíþróttanefnd SSÍ hefur málefni almenningsunds á sinni könnu en eðli málsins samkvæmt skarast það starf við allt starf SSÍ.

Mótahald sambandsins stuðlar að uppbyggingu sundfólks og frekari kynningu og útbreiðslu á sundíþróttum. Sundíþróttamótum SSÍ er þannig fyrirkomid að íslenskt sundíþróttafólk getur nýtt sér þau til að ná alþjóðlegum árangri.

Mannvirki og önnur aðstaða

Það er mikilvægt að í uppbyggingu fyrir sundíþróttir sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir almenning jafnt sem keppnissund, sundknattleik, sundfimi, dýfingar og víða-vatnssund þar sem það á við. Einnig er mikilvægt að í hverjum landshluta sé aðstaða til að stunda allar sundíþróttir og ekki er síður nauðsynlegt að sundíþróttafélög sem bjóða upp á æfingar og keppni hafi gott aðgengi í þessi mannvirki.

SSÍ vinnur að því í samstarfi við ÍSÍ, ÍBR, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið að þjóðarleikvangur í sundi, Sundíþróttamiðstöð Íslands, verði í Laugardalslaug, þó nauðsynlegt sé að dreifa mótahaldi um landið.

Jafnrétti og siðferði

SSÍ eflir stöðugt jafnrétti og jafnræði í öllu skipulagi sínu og vinnur ötullega gegn einelti, útilokun, yfirgangi og kynferðislegri misbeitingu. Innan SSÍ er starfandi Aga- og siðanefnd sem fylgist vel með og tekur upp mál ef nauðsyn ber til. Þá hafa aga- og siðareglur Sundsambands Íslands verið í gildi um hríð auk almennra aga- og siðaviðmiða íþróttahreyfingarinnar.

Forvarnir

Heilbrigður og ábyrgur lífsstíll er hluti af iðkun íþrótta. Innan SSÍ er virk forvarnarstefna gegn lyfjamisnotkun og notkun ávana- og fíkniefna og sambandið nýtir sér fræðslu og efni frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands í því sambandi.

Verkefni

SSÍ útfærir stefnu fyrir allar sundíþróttir, frá ungbarnasundi og sundkennslu að skólasundi og grunnþjálfun sundmanna, þjálfun aldursflokka, mótahaldi og skipulagi

landslíða SSÍ. SSÍ hvetur og styður menntamálayfirvöld til að fylgja fast eftir ákvæðum námskrár grunnskóla um sundkennslu og sveitarfélög til að koma upp viðunandi aðstöðu til sundkennslu á sínu svæði. Um leið sækir SSÍ stuðning til almennings. Fólk á öllum aldri hefur ávinning af því að stunda sund til heilbrigðis og ánægju alla ævi og styður með því við uppbyggingu fyrir keppni.

SSÍ vinnur að því að bæta stöðu íslenskra sundíþrótta innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og á Norðurlandamótum, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Evrópumeistaramótum, Heimsmeistaramótum, Smáþjóðaleikum og Ólympíuleikum.

Heimasíða sambandsins <http://www.sundsamband.is> er tæki til að ná til almennings. SSÍ á reglubundið samstarf við fjölmiðla og leggur sig fram um að koma upplýsingum um sundíþróttir til íþróttafréttamanna jafnóðum og þær verða til.

SSÍ rekur skrifstofu sem veitir sundfélögum þjónustu, upplýsingar og sinnir formlegum skipulagsmálum sundíþrótta en auk þess sjá starfsmenn SSÍ um að framkvæma stefnu SSÍ og ákvarðanir stjórnar. SSÍ menntar og þjálfar fólk til að framkvæma sundmót og framfylgja gildandi reglum FINA.

Starf SSÍ miðar að fagmennsku í öllu starfi og útbýr leiðbeiningar til að tryggja samræmi og samfellu í starfi.

Stjórn SSÍ kynnir reglur FINA og breytingar á þeim.

Alþjóðlegt samstarf og alþjóðlegt mótahald

Það er stefna SSÍ að eiga aðild að nefndum og stjórnnum NSF, LEN og FINA og Ísland tók við forsæti í NSF árið 2014. SSÍ á fulltrúa í sundtækninefnd LEN og garpanefnd LEN hefur gott samstarf við aðrar Evrópuþjóðir um fulltrúa í nefndir og stjórnir LEN og FINA og sækist eftir fleiri sætum í nefndum LEN og FINA.

SSÍ mun sækja um að halda EMU og EM 25 fyrir árið 2020. Það gerist þó ekki nema í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og Mennta- og menningarmálaráðuneytið og reynsla okkar af mótahaldi á Smáþjóðaleikum 2015 er gott veganesti í þessa vinnu.

UPPBYGGING SUNDÍÞRÓTTA Á ÍSLANDI

Skólasund

Sundkennsla í skólum er hluti af almennu grunnskólanámi á Íslandi. SSÍ stefnir að því að á hverju ári séu haldin grunnskólamót og framhaldsskólamót í sundi í samstarfi við sund/íþróttakennara á Íslandi. Mikilvægt er að slík mót verði fastur liður í starfi skóla auk þess sem við það myndast tækifæri til að kynna aðrar greinar sundíþrótta í skólum landsins.

Unnið verði að kynningu sundknattleiks í skólum landsins.

Garpasund

SSÍ stuðlar að því að garpar hafi/fái aðstöðu til þjálfunar með fagfólki og geti þannig náð betri árangri og uppfyllt markmið sín. Garpanefnd er starfrækt innan SSÍ sem fer með málefni garpa og vinnur að þeirra málum í samstarfi við stjórn SSÍ. Sund er afar góð íþrótt til að þroskast með og eflir einstaklinginn til dáða í námi, einkalífi og á vinnumarkaði. Garpasund hefur verið virk grein innan SSÍ undanfarin ár og SSÍ stefnir að því að almenningur í laugum landsins fái fræðslu og upplýsingar um garpasund.

Sundknattleikur

Sundfélög og deildir landsins þurfa að fá fræðslu og aðstoð við að byggja upp sundknattleik innan sinna raða. SSÍ mun hafa forgöngu um samstarf við önnur sérsambönd innan ÍSÍ til dæmis Handknattleikssamband Íslands. Slík samvinna þarf að vera markviss. Einnig er nauðsynlegt að þeir sem stunda þessa íþrótt nú þegar komi að þessu starfi með virkum hætti. SSÍ hefur unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað fyrir þessa grein og nú er til færanleg stigatafla og einnig eru tæki til keppnishalds til staðar í stærri laugum landsins.

Víðavatnssund

Þeim fjölgar stöðugt sem stunda sund eða böð, hvort sem er í sjó eða vötnum, og slík iðkun ætti að vera skipulagður hluti af starfi sundfélaga og SSÍ. Það er líklegt að hin mikla aukning sem hefur orðið í víðavatnssundi geti orðið til þess að erlent sundfólk og fólk í ævintýraleit muni vilja skrá nöfn sín í sögu víðavatnssunds við og á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að öryggi sé tryggt og það sé á hreinu hvaða aðili hafi með ákveðnar sundleiðir að gera. Slys við þær aðstæður að öryggi sé óhugsað og enginn sem ber lágmarksábyrgð á að upplýsa og halda utan um slík mál verða okkur skaðleg. Sundsamband Íslands setur reglur um lágmarksöryggi á ákveðnum sundleiðum og gefur út viðurkenningar fyrir slík sund. Einnig styður SSÍ við bakið á einstaklingum og félögum sem berjast fyrir bættri aðstöðu til sundiðkunar víða um vötn. Sérstök nefnd er nú starfandi innan SSÍ og gerir áætlanir um keppni innanlands sem utan.

Dýfingar og sundfimi

SSÍ leitar samstarfs við Fimleikasamband Íslands þegar kemur að dýfingum og sundfimi. Nú þegar hefur aðstaða til dýfinga batnað í Reykjavík með nýjum stökkbrettum, en betur má ef duga skal. Mikilvægt er að í tengslum við uppbyggingu Sundíþróttamiðstöðvar Íslands verði gert ráð fyrir dýfingum, sundfimi og sundknattleik.

Sundíþróttanefnd SSÍ hefur málefni dýfinga og sundfimi á sinni könnu. Þá kynnir nefndin greinarnar ásamt reglum FINA fyrir sundfélögum þannig að þær geti orðið hluti af æfingaáætlunum sundfélaga.

SUNDKEPPNI OG AFREKSSTARF

Sundkeppni

SSÍ styður við markvissa uppbyggingu sundfólks í samvinnu við sundfélög og deildir á Íslandi. SSÍ vinnur að því að skapa þjálfurum tækifæri til að öðlast reynslu á erlendum vettvangi til að auka hæfni þeirra í þjálfun á afrekssundfólki.

Afreksstefna SSÍ

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afrekfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afrekfólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

Markmið/viðmið

Sundsamband Íslands setur landsliðshópum markmið og viðmið. Líta ber til vilja sundþings og niðurstöðu samráðs þjálfara þegar markmið og viðmið eru endurskoðuð. Í þessu felst að gera þarf kröfur á sundfólkið, meiri kröfur og staðfastari en nú. Sundfólkið á að setja sér markmið og áætlun um hvernig hægt er að ná þeim. Landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd SSÍ aðstoða sundfólkið og félagsþjálfarana í þessari vinnu.

Það þarf að leita leiða til að hvetja sundfólkið okkar áfram. Sundhreyfingin er ennþá að fagna góðum árangri hér heima án þess að það hafi skilað okkur áleiðis á alþjóðlegum mælikvarða.

Margar leiðir hafa verið viðraðar, eins og að setja erfiðari lágmark, breyta viðhorfum, vera óspar á hrós við þá sem það eiga, gera athugasemdir við slakan árangur og láta vita ef árangur er fullnægjandi. Það þarf að skilgreina árangur og skýra. Allt þetta er gerlegt, en tekur tíma. Við þurfum því að taka ákvörðun um hvert við stefnum og halda stefnunni.

Við þurfum að setja okkur mörk og ákveða hvað okkur finnst ásættanlegt. Við þurfum einnig að gæta þess að við séum öll upplýst um markmiðin og hvaða leið við ætlum að feta. Markmiðin þurfa að vera raunhæf og hvetjandi þannig að sundfólkið fái vissu að þau náist.

Í áætlun þarf að vera ljóst hvaða árangri er hægt að ná á hverju ári. Ef gerðar eru raunhæfar kröfur til sundfólksins mun það bregðast við með því að ná góðum árangri.

Markmið í alþjóðlegri keppni á að vera að minnsta kosti betri tími en besti tími sundmannsins var fyrir keppni. Landsliðsþjálfari ásamt landsliðsnefnd SSÍ hafa umsjón með markmiðssetningunni og annað fagfólk, svo sem félagsþjálfarar vinna með í því og hvetja sundfólkið áfram. Virkt samráð við sundþjálfara og annað fagfólk í hreyfingunni er hluti af undirbúningi hvers sundárs.

Samningar við sundfólkið eru mjög mikilvægir þar sem væntanlegum árangri er lýst. Þannig verður sundfólkið meðvitaðra um eigin ábyrgð gagnvart íþróttinni. Félagsþjálfarinn heldur utan um undirbúning einstaklinga fyrir landsliðsverkefni í samráði við landsliðsþjálfara og landsliðsnefnd SSÍ. Þessir aðilar kalla til annað fagfólk við uppbyggingu sundfólksins. Fjölskylda, sundfélag, þjálfarar, landsliðsþjálfari, SSÍ og ÍSÍ skapa umhverfi afreksfólksins og gæta þess að það sé í jafnvægi.

Lagt er til að stjórn SSÍ vinni að því að ofangreindur kafli verði endurskrifaður til samræmis við framsetningu eftirfarandi kafla um unglíngalandslið.

Unglíngalandslið Íslands – uppbygging og áherslur

Lögð verður áhersla á að sérhver sundmaður sem kemst í unglíngalandslið Íslands í sundi fái skilmerkilega og jákvæða kynningu á því hvað þátttaka í verkefnum unglíngalandsliðsins felur í sér. Þetta felur m.a. annars í sér kynningu á tröppugangi/röðun verkefna miðað við aldur og kynning á árangursmarkmiðum.

Markmið unglíngalandsliðs

- Stuðla að markvissri uppbyggingu sundmanns frá unglíngalandsliðsverkefnum til stærri verkefna.
- Nauðsynlegt er að liðsmenn í sérhverju verkefni hittist ásamt þjálfara / fararstjóra í það minnsta tvisvar sinnum fyrir sérhvert verkefni.
- Undirbúningur fyrir sérhvert verkefni sé markviss og til þess fallinn að
 - Kynna þátttöku í unglíngalandsliðum – rauði þráðurinn
 - Liðsmenn ná að kynnast
 - Tíunda markmið með þátttöku í tilteknu verkefni
 - Auka metnað liðsmanna fyrir verkefninu
 - Taka 1 – 2 sundæfingar með áherslu á sérhæfða þætti (hraði – snúningar – boðsundsskiptingar og fleira)

Almennt starf í kringum unglíngalandslið

Lágmörk fyrir verkefni, val á þjálfurum og dagsetningar fyrir undirbúning/æfingabúðir eiga að liggja fyrir 15. ágúst ár hvert. Lágmörk fyrir verkefni á tímabilinu ágúst til desember eins og NMU, eiga að liggja fyrir 1.febrúar ár hvert.

Mikilvægt að þjálfarar sem koma að verkefnum unglíngalandsliðs vinni saman og séu meðvitaðir um hvaða sundmenn koma til greina í ákveðin verkefni. Samstarf þjálfara á að vera til þess fallið að stuðla að framgangi sundmannsins í áframhaldandi verkefnum. Landsliðsþjálfari hefur yfirumsjón með heildarverkefninu, en hann útnefnir einnig einn þjálfara til að halda utan um unglíngalandsliðið.

Mælanleg markmið til 2024

Með góðu móti er hægt er að mæla hversu margir íslenskir sundmenn eru meðal 100 bestu í heiminum, hversu margir meðal 50 bestu, 30 bestu, 20 bestu og 10 bestu. Einnig er hægt að nota Evrópulista til hins sama. Slík viðmið eiga fyrst og fremst að vera úr löngu brautinni en þó er rétt að halda slíkt bókhald úr stuttu brautinni einnig, bæði til samanburðar en ekki síður til að hvetja sundfólkið. Þá er auðvelt að mæla hverjir og hversu margir komast í úrslit á mótum erlendis og á verðlaunapall td á EM og HM. Frekari mælanleg markmið gætu verið fjöldi sundmanna með lágmörk á ÓL og hversu margir ná í úrslit á ÓL. **Þá má ekki gleyma því að lágmarksárangur til þátttöku á ÓL ætti að vera betri en á HM og EM.**

Mælanleg einstaklingsmarkmið eru til að mynda bæting á besta tíma á alþjóðlegum stórmótum eða í minnsta kosti bæting á besta tíma yfirstandandi tímabils. Við Íslendingar erum umtöluð fyrir agað mótahald og höfum gott orð á okkur þegar kemur að alþjóðlegum mótum hér heima. Því er rétt að nota aðeins tíma sem nást á viðurkenndum alþjóðlegum mótum þegar þessi markmið eru gerð upp, hvort sem er alþjóðlegum mótum hér heima, erlendis eða á HM, EM og ÓL.

SSÍ sér til þess að afrekaskrá sé viðhaldið og uppfærð á reglubundinn hátt. Samningur hefur verið gerður við Swimrankings þar sem gott aðgengi er á upplýsingum aftur í tímann sem skiptir máli við skipulagningu á afreksstarfi. Það hefur einnig hvetjandi áhrif fyrir sundfólkið að fylgjast með hvernig það raðast á alþjóðlega lista með tíma sína.

Góð samskipti við fjölmiðla skipta einnig máli því það er til lítils að setja markmið ef þau vekja ekki áhuga þeirra sem eiga að fylgjast með. Þess vegna er mikilvægt að tengja saman mótadagskrá SSÍ og markmiðssetningu SSÍ og sundfólksins við mögulega fjölmiðlaumfjöllun.

Skilgreining afreka í sundi

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttta. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi að takast á við lífið að íþrótttaferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi.

- a) Sundíþróttamiðstöð Íslands hefur verið sett á laggirnar.
 - Markmiðið með því er að sund eigi fastan samastað við bestu aðstæður. Þar fer fram afreksþjálfun og æfingabúðir og boðið upp á fræðsludagskrá fyrir þjálfara, sundfólk og aðra sem koma verki.
- b) Landsliðsþjálfari hefur verið ráðinn í 30% stöðu.
 - Landsliðsþjálfari setur markmið, ákveður mótadagskrá SSÍ og setur viðmiðunarreglur fyrir félög í samráði við landsliðsnefnd.

- Landsliðsþjálfari aðstoðar og miðlar þekkingu sinni og reynslu til annarra félagsþjálfara.
- c) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar verða skilgreind á ný.
 - Stjórn SSÍ, landsliðsnefnd SSÍ og landsliðsþjálfari munu endurskilgreina hlutverk landsliðsnefndar.
- d) Stoðþjónusta, svo sem fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- e) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- f) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við landsliðsþjálfara.
- g) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afreksfólks og afreksefna í sundi
- h) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð amk einu sinni á ári.
- i) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekssundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- j) Sett verða skýr mælanleg markmið td um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

Þingskjal 2015-08b með breytingum (þarf að breyta í samræmi við breytingar á 8b)

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. og 7. mars 2013

samþykkir fyrirbyggjandi Afrekisstefnu SSÍ. Jafnframt felur þingið stjórn að uppfæra stefnuna í samráði við landsliðsnefnd og landsliðsþjálfara. Skulu þessir aðilar hafa samráð við starfandi þjálfara í landinu og kynna uppfærða stefnu á formannafundum SSÍ. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á að fjármagna afrekisstefnu SSÍ, með þeim úrræðum sem möguleg eru.

Afreksstefna SSÍ

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afreksfólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka. Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

Markmið/viðmið

Sundsamband Íslands setur landsliðshópum markmið og viðmið. Líta ber til vilja sundþings og niðurstöðu samráðs þjálfara þegar markmið og viðmið eru endurskoðuð. Í þessu felst að gera þarf kröfur á sundfólkið, meiri kröfur og staðfastari en nú. Sundfólkið á að setja sér markmið og áætlun um hvernig hægt er að ná þeim. Landsliðsþjálfari og landsliðsnefnd SSÍ aðstoða sundfólkið og félagsþjálfarana í þessari vinnu.

Það þarf að leita leiða til að hvetja sundfólkið okkar áfram. Sundhreyfingin er ennþá að fagna góðum árangri hér heima án þess að það hafi skilað okkur áleiðis á alþjóðlegum mælikvarða.

Margar leiðir hafa verið viðraðar, eins og að setja erfiðari lágmark, breyta viðhorfum, vera óspar á hrós við þá sem það eiga, gera athugasemdir við slakan árangur og láta vita ef árangur er fullnægjandi. Það þarf að skilgreina árangur og skýra. Allt þetta er gerlegt, en tekur tíma. Við þurfum því að taka ákvörðun um hvert við stefnum og halda stefnunni.

Við þurfum að setja okkur mörk og ákveða hvað okkur finnst ásættanlegt. Við þurfum einnig að gæta þess að við séum öll upplýst um markmiðin og hvaða leið við ætlum að feta. Markmiðin þurfa að vera raunhæf og hvetjandi þannig að sundfólkið fái vissu að þau náist.

Í áætlun þarf að vera ljóst hvaða árangri er hægt að ná á hverju ári. Ef gerðar eru raunhæfar kröfur til sundfólksins mun það bregðast við með því að ná góðum árangri.

Markmið í alþjóðlegri keppni á að vera að minnsta kosti betri tími en bestí tími sundmannsins var fyrir keppni. Landsliðsþjálfari ásamt landsliðsnefnd SSÍ hafa umsjón með markmiðssetningunni og annað fagfólk, svo sem félagsþjálfarar vinna með í því og hvetja sundfólkið áfram. Virkt samráð við sundþjálfara og annað fagfólk í hreyfingunni er hluti af undirbúningi hvers sundárs.

Samningar við sundfólkið eru mjög mikilvægir þar sem væntanlegum árangri er lýst. Þannig verður sundfólkið meðvitaðra um eigin ábyrgð gagnvart íþróttinni.

Félagsþjálfarinn heldur utan um undirbúning einstaklinga fyrir landsliðsverkefni í samráði við landsliðsþjálfara og landsliðsnefnd SSÍ. Þessir aðilar kalla til annað fagfólk við uppbyggingu sundfólksins. Fjölskylda, sundfélag, þjálfarar, landsliðsþjálfari, SSÍ og ÍSÍ skapa umhverfi afreksfólksins og gæta þess að það sé í jafnvægi.

Unglingalandslið Íslands – uppbygging og áherslur

Lögð verður áhersla á að sérhver sundmaður sem kemst í ungingalandslið Íslands í sundi fái skilmerkilega og jákvæða kynningu á því hvað þátttaka í verkefnum ungingalandsliðsins felur í sér. Þetta felur m.a. annars í sér kynningu á tröppugangi/röðun verkefna miðað við aldur og kynningu á árangursmarkmiðum.

Markmið ungingalandsliðs

- Stuðla að markvissri uppbyggingu sundmanns frá ungingalandsliðsverkefnum til stærri verkefna.
- Nauðsynlegt er að liðsmenn í sérhverju verkefni hittist ásamt þjálfara / fararstjóra í það minnsta tvisvar sinnum fyrir sérhvert verkefni.
- Undirbúningur fyrir sérhvert verkefni sé markviss og til þess fallinn að
 - Kynna þátttöku í ungingalandsliðum – rauði þráðurinn

- Liðsmenn nái að kynnst
- Tíunda markmið með þátttöku í tilteknu verkefni
- Auka metnað liðsmanna fyrir verkefninu
- Taka 1 – 2 sundæfingar með áherslu á sérhæfða þætti (hraði – snúningar – boðsundsskiptingar og fleira)

Almennt starf í kringum unglíngalandslið

Lágmörk fyrir verkefni, val á þjálfurum og dagsetningar fyrir undirbúning/æfingabúðir eiga að liggja fyrir 15. ágúst ár hvert. Lágmörk fyrir verkefni á tímabilinu ágúst til desember eins og NMU, eiga að liggja fyrir 1. febrúar ár hvert.

Mikilvægt að þjálfarar sem koma að verkefnum unglíngalandsliðs vinni saman og séu meðvitaðir um hvaða sundmenn koma til greina í ákveðin verkefni. Samstarf þjálfara á að vera til þess fallið að stuðla að framgangi sundmannsins í áframhaldandi verkefnum. Landsliðsþjálfari hefur yfirumsjón með heildarverkefninu, en hann útnefnir einnig einn þjálfara til að halda utan um unglíngalandsliðið.

Mælanleg markmið til 2024

Með góðu móti er hægt er að mæla hversu margir íslenskir sundmenn eru meðal 100 bestu í heiminum, hversu margir meðal 50 bestu, 30 bestu, 20 bestu og 10 bestu. Einnig er hægt að nota Evrópulista til hins sama. Slík viðmið eiga fyrst og fremst að vera úr löngu brautinni en þó er rétt að halda slíkt bókhald úr stuttu brautinni einnig, bæði til samanburðar en ekki síður til að hvetja sundfólkið. Þá er auðvelt að mæla hverjir og hversu margir komast í úrslit á mótum erlendis og á verðlaunapall td á EM og HM. Frekari mælanleg markmið gætu verið fjöldi sundmanna með lágmörk á ÓL og hversu margir ná í úrslit á ÓL. **Þá má ekki gleyma því að lágmarksárangur til þátttöku á ÓL ætti að vera betri en á HM og EM.**

Mælanleg einstaklingsmarkmið eru til að mynda bæting á besta tíma á alþjóðlegum stórmótum eða í minnsta kosti bæting á besta tíma yfirstandandi tímabils. Við Íslendingar erum umtöluð fyrir agað mótahald og höfum gott orð á okkur þegar kemur að alþjóðlegum mótum hér heima. Því er rétt að nota aðeins tíma sem nást á viðurkenndum alþjóðlegum mótum þegar þessi markmið eru gerð upp, hvort sem er alþjóðlegum mótum hér heima, erlendis eða á HM, EM og ÓL.

SSÍ sér til þess að afrekaskrá sé viðhaldið og uppfærð á reglubundinn hátt. Samningur hefur verið gerður við Swimrankings þar sem gott aðgengi er á upplýsingum aftur í tímann sem skiptir máli við skipulagningu á afreksstarfi. Það hefur einnig hvetjandi áhrif fyrir sundfólkið að fylgjast með hvernig það raðast á alþjóðlega lista með tíma sína.

Góð samskipti við fjölmiðla skipta einnig máli því það er til lítils að setja markmið ef þau vekja ekki áhuga þeirra sem eiga að fylgjast með. Þess vegna er mikilvægt að tengja saman mótadagskrá SSÍ og markmiðssetningu SSÍ og sundfólksins við mögulega fjölmiðlaumfjöllun.

Skilgreining afreka í sundi

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir

sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttá. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi að takast á við lífið að íþróttáferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi.

- k) Sundíþróttamiðstöð Íslands hefur verið sett á laggirnar.
 - Markmiðið með því er að sund eigi fastan samastað við bestu aðstæður. Þar fer fram afreksþjálfun og æfingabúðir og boðið upp á fræðsludagskrá fyrir þjálfara, sundfólk og aðra sem koma verki.
- l) Landsliðsþjálfari hefur verið ráðinn í 30% stöðu.
 - Landsliðsþjálfari setur markmið, ákveður mótadagskrá SSÍ og setur viðmiðunarreglur fyrir félag í samráði við landsliðsnefnd.
 - Landsliðsþjálfari aðstoðar og miðlar þekkingu sinni og reynslu til annarra félagsþjálfara.
- m) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar verða skilgreind á ný.
 - Stjórn SSÍ, landsliðsnefnd SSÍ og landsliðsþjálfari munu endurskilgreina hlutverk landsliðsnefndar.
- n) Stoðþjónusta, svo sem fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.
- o) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- p) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við landsliðsþjálfara.
- q) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afrekssólks og afreksefna í sundi
- r) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð amk einu sinni á ári.
- s) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekssundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- t) Sett verða skýr mælanleg markmið til um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

Þingskjal 2015-09a með breytingum

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. og 7. mars 2015

staðfestir meðfylgjandi Handbók SSÍ (þingskjal 9a) og felur stjórn SSÍ að uppfæra hana og viðhalda, í samræmi við aðrar samþykktir Sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegum breytingum sem verða á umhverfi sundíþróttá á Íslandi.

Taka má upp þá vinnureglu að þegar verið er að senda út upplýsingar um ferðir eða mót í tölvupósti sé látinn fylgja með tengill á handbók SSÍ þannig að iðkendur og foreldrar geti kynnt sér hana.

Þau ágætu gögn sem unnin hafa verið, eru til einskis ef ekki er unnið í samræmi við þau.

Greinargerð

Handbók SSÍ hefur verið lögð fram til kynningar og staðfestingar á undanförunum sundþingum. Handbókin er lifandi skjal þar sem tekið er á ýmsum formlegum og óformlegum atriðum í starfi SSÍ. Í útgáfum fram að þessu hefur megináherslan verið lögð á keppnisund og landsliðsstarf, en nauðsynlegt er að bæta við fleiri köflum til að ná yfir starfssemi SSÍ í heild.

Handbókin hefur verið aðgengileg á heimasíðu SSÍ og verður það áfram. Hún hefur einnig verið send forsvarsfólki félaga bæði til upplýsingar en ekki síður til að kalla eftir athugasemdum. Það er skemmst frá því að segja að athugasemdir hafa ekki komið fram.

Þingskjal 2015-10 með breytingum

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. og 7. mars 2015

samþykkir að breyta mótahaldi á Íslandi, einfalda það og gera það markvissara á eftirfarandi hátt:

- a) ÍM25 skal alla jafna haldið 3 vikum fyrir EM25 eða HM25.
- b) Stjórn SSÍ skal óska eftir umsóknum frá félögum, um að halda opin 25 metra mót sem sett verða á helgar þremur og sex vikum fyrir ÍM25. Sami háttur verði hafður á með mót í 50 metra laug gagnvart ÍM50.
- c) Íslandsmeistaramótin eru meginmót tímabilsins gagnvart landsliðsverkefnum.
- d) Stjórn SSÍ getur jafnframt staðfest lágmörk og viðmið í landsliðsverkefni á mótum félaga sem uppfylla alþjóða kröfur FINA og LEN og eru tilgreind í atburðadagatali SSÍ.
- e) Félög skulu skipuleggja æfinga- og mótahald sitt á keppnistímabili í samræmi við það sem fram kemur hér að framan.
- f) Önnur mót, sem ekki krefjast fullrar mönnunar, ss innanfélagsmót og mót sem eru haldin til að undirbúa yngstu iðkendurna fyrir þátttöku í sundmótum, má skrá á atburðadagatal, en þau skulu þá sérstaklega merkt.

Þá felur sundþing 2015 stjórn SSÍ, í samvinnu við landsliðsnefnd, landsliðsþjálfara og formannafundi SSÍ, að viðhalda mótadagskrá og atburðadagatali SSÍ 2015 – 2017 í samræmi við ofangreint og í samræmi við mótadagskrá NSF, LEN og FINA.

Greinargerð

Mjög margir hafa talið nauðsynlegt að breyta mótahaldi á Íslandi, því mjög mörg opin mót sem haldin eru helgi eftir helgi reyna mjög á dómarahópinn en ekki síður dregur úr líkum á því að foreldrar og aðrir velunnarar hreyfingarinnar hafi getu eða nennu til að horfa á sundkeppni sem getur dregist úr hófi vegna fjölda keppenda. Lengd keppnisdaga reynir einnig á sundfólkið okkar sérstaklega þá sem eldri eru og getur dregið úr mögulegum árangri þess í alþjóðlegum verkefnum.

Á undanförunum árum hafa orðið töluverðar breytingar á mótahaldi LEN og FINA. Til dæmis hefur loksins komist á samstarf milli þessara aðila að hafa EM25 annað hvort ár

á oddatöluári og HM25 á hinu árinu. Þetta er í samræmi við þá hefð sem hefur myndast að halda HM50 á oddatölu ári og EM50 hinu árinu. Þá má búast við því að Evrópuleikar sem haldnir verða 4 hvert ár, árið fyrir ÓL, séu komnir til að vera þannig að það mun að sjálfssögðu en það mun að öllum líkindum auka álag á sundfólkið okkar.

Eins og áður hefur komið fram hafa margir haft skoðanir á því hvernig eigi að einfalda mótahaldið á Íslandi til að það samræmdist betur alþjóðlegu mótahaldi. Það hefur ekki tekist fram til þessa og því er sú leið farin að leggja málið fyrir sundþing þannig að stjórn SSÍ hafi skýr viðmið til að vinna eftir

Þingskjal 2015-15 með breytingum

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 6. og 7. mars 2015

felur stjórn SSÍ að samræma reglugerðir AMÍ og UMÍ þannig að þessi móti geti farið fram á sama stað sömu helgi. Stjórn SSÍ leggi tillögu á þingskjali 15b til grundvallar í sinni vinnu.

Greinargerð

Síðastliðin ár höfum við í sundhreyfingunni sett á tvö mót í júní annars vegar AMÍ og hins vegar UMÍ. Þetta fyrirkomulag hefur ekki gengið sem skyldi af ýmsum ástæðum. Nú í ár er mótafyrirkomulagið þannig að Smáþjóðleikar, Evrópuleikar, EYOF og NÆM eru á tímabilinu júní júlí og þrjú þessara móta eru unglingsmót, þannig að ekki er tími til að halda 2 mót. Þess vegna þarf að samræma eða sameina reglugerðir þessara tveggja móta þannig að þau geti farið fram sem eitt. Vert er að minna á að á þinginu liggur fyrir önnur tillaga sem tekur á því hvernig málum verður fyrir komið til framtíðar, þannig þetta á eingöngu við um AMÍ/UMÍ 2015.

Þingskjal 2015-15a með breytingum

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 6. og 7. mars 2015

samþykkir að fela stjórn SSÍ að skipa nefnd til að móta Aldursflokkameistaramót Íslands, AMÍ, frá og með árinu 2016. Einnig skal nefndin skoða Unglingameistaramót Íslands, UMÍ og meta samhliða hvort þörf sé á UMÍ í nánustu framtíð.

Í nefndinni skulu eiga sæti 9 fulltrúar skipaðir af eftirtöldum aðilum;

- a) Stjórn SSÍ (1)
- b) Starfandi þjálfurum (2)
- c) DMT nefnd SSÍ (1)
- d) Landsliðsnefnd SSÍ (1)
- e) Sundfólki á aldrinum 15-17 ára (2), einn af landsbyggðinni og einn af höfuðborgarsvæðinu
- f) Fulltrúum félaga kostnum á sundþingi (2)

Formaður nefndarinnar er fulltrúi stjórnar SSÍ.

Nefndin leitar eftir viðhorfum forsvarsfólks félaga, þjálfara og sundfólks í vinnu sinni. Nefndin skal hafa að leiðarljósi að auka möguleika yngsta sundfólksins (12 ára og yngri) til að ná inn á AMÍ. Í því sambandi á hún sérstaklega að skoða málefni 10 ára og yngri. Nefndin skoðar einnig keppnisrétt og stöðu eldra sundfólksins (14 ára og eldri) og hvort það sé þörf á því að sundfólk 18 ára og eldra hafi keppnisrétt á mótinu. Þá á nefndin að gera tillögu um hvernig aldursflokkum/árgöngum verður háttað á mótinu og hvernig beri að verðlauna einstaklinga fyrir einstaklingsgreinar og fyrir framfarir og

heilðarárangur. Nefndinni ber einnig að gera tillögu um hvort og þá hvernig stigakeppni félaga skal fara fram.

Nefndin leitar víðtækrar samstöðu um niðurstöðu sína, tekur tillit til samþykktar sundþings 2015 og skilar áfangskýrslu á formannafundi haustið 2015. Nefndin skilar lokaniðurstöðu sinni fyrir lok október 2015 til stjórnar SSÍ.

Sundþing felur stjórn SSÍ að setja reglugerðir um AMÍ og UMÍ byggðar á niðurstöðum nefndarinnar.

Greinargerð

Undanfarin ár hafa margar hugmyndir um AMÍ litið dagsins ljós, tilraun var gerð með að skipta mótinu upp með því að bæta við UMÍ sem 50 metra móti en þessar tilraunir innan hreyfingarinnar að koma þessum hugmyndum í orð og hrinda þeim í framkvæmd hafa ekki gengið vel. Það er semsagt ljóst að það er ekki full sátt um AMÍ og UMÍ eins og þau eru í dag en mjög einstaklingsbundið er hvers vegna fólk vill breytingar. Á stundum er það jafnvel árstíðabundið. Ýmis rök hníga að því að þessi tvö mót verði að einu móti, eins og til dæmis að það er dýrt fyrir félög að senda sundfólk til keppni með þetta stuttu millibili, en önnur rök eru fyrir því að við ættum að halda í UMÍ. Það er hinsvegar ljóst að sumum finnst nauðsynlegt að setja upp mót í löngu brautinni á þessum tíma til að ná lágmarkum og fylgja eftir áætluðum sundfólks sem er að fara á alþjóðleg mót, því annars þurfi að fara á mót erlendis í þeim tilgangi. Einnig hefur því verið haldið til haga þeim rökum að yngra sundfólki finnst eftirsóknarvert að synda á sama sundmóti og þeir sem eldri eru.

Þá hefur komið í ljós að árangur yngsta sundfólksins er með þeim hætti að færri komast á þetta mót en áður úr yngstu aldursflokkunum. Þessu vilja mjög margir breyta og þess vegna er mikilvægt að víðtæk sátt náist um hvernig ber að framkvæma AMÍ og eftir atvikum UMÍ. Nefndin fær í hendur fyrri reglugerðir AMÍ, tillögur sem hafa verið fluttar á sundþingum undanfarinna ára auk athugasemda sem gerðar hafa verið á formannafundum.

Við höfum lent í því ítrekað að vera að krukka í fyrirliggjandi texta á þingi og jafnvel gert breytingar á reglugerðum um mót sem ekki standast almenn ákvæði SSÍ og lög. Það er ástæðan fyrir því að ekki liggur fyrir bein tillaga að reglugerðum AMÍ og UMÍ, heldur er nefndinni ætlað að meta það hvort breytinga sé þörf og ná samstöðu um þær. Með þessu móti ættum við að geta náð sátt um málið og þurfum ekki að eyða frekari orku í rökraður um hvað sé betra eða verra í þessu sambandi.

Vert er að geta þess að fyrir þinginu liggur fyrir önnur tillaga sem tekur á málum fyrir árið 2015.

Þingskjal 2015-15b

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 6. og 7. mars 2015

samþykkir að fela stjórn að setja nýja reglugerð fyrir AMÍ sem byggist á meðfylgjandi tillögu. Reglugerðin taki gildi fyrir AMÍ 2015. Jafnframt samþykkir sundþing að fella UMÍ út úr Atburðadagatali SSÍ.

1. grein

Aldursflokkameistaramót Íslands – AMÍ skal haldið árlega í júnímánuði.

2. grein

Mótið er haldið í 25 metra laug. Stjórn SSÍ tilkynnir skipulag mótsins og mótsstað á atburðadagatali í upphafi sundárs. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni á vegum sambandsaðila SSÍ.

3. grein

Lágmark á Aldursflokkameistaramótið eru ákveðin af stjórn SSÍ að fenginni tillögu frá ÍSS, Íslenska sundþjálfarasambandinu. ÍSS skilar tillögum sínum um lágmark á AMÍ ekki síðar en í lok júní fyrir næsta AMÍ á eftir. Skili ÍSS ekki tillögum gerir

landsliðsþjálfari tillögu til stjórnar SSÍ, um lágmörk fyrir mótið. Stjórn SSÍ birtir lágmörk í upphafi keppnistímabils.

Lágmörk skulu gefin upp í hverjum flokki fyrir sig, sjá flokka í gr. 4.

Lið sem eiga færri keppendur á AMÍ, en fjóra, mega sækja um að bæta við keppendum óháð lágmörkum á AMÍ þó þannig að heildarfjöldi keppenda þeirra félaga verði ekki fleiri en fjórir. Þeir keppendur sem þannig fá keppnisrétt á AMÍ mega synda allt að þrjár einstaklingsgreinar að eigin vali. Þeir keppendur á AMÍ sem ná lágmörkum í færri greinum en þrem mega velja sér greinar til viðbótar án lágmarka til að ná keppni í þremur einstaklingsgreinum. Umsókn um slíkt skal berast 15 dögum fyrir upphaf móts.

Hver keppandi má synda að hámarki sex einstaklingsgreinar.

4. grein

Aldursflokkameistaramót Íslands AMÍ er aldursskipt meistararamót í sundi þar sem keppt er beint til úrslita. Aldursflokkarnir eru:

Aðaltillaga	Varatillaga
10 ára og yngri	10 ára og yngri
11 ára	11-12 ára
12 ára	13-14 ára 15-17 ára
13 ára	18 ára og eldri.
14 ára	
15 - 17 ára	
18 ára og eldri.	

5. grein

Aldursflokkameistaramót Íslands er stigakeppni félaga. Tveir hröðustu sundmenn félags í hverri grein og árgangi að 14 ára aldri og í hverjum flokki frá 15 ára taka stig fyrir félagið. Stig eru gefin miðað við sætaröð í árgöngum og flokkum og reiknuð þannig að fyrir fyrsta sæti eru gefin 8 stig, fyrir annað sætið 6 stig, fyrir þriðja sætið 4 stig, þá 3 stig, 2 stig og 1 stig þannig að 6 bestu í greininni í hverjum árgangi og flokkum hljóti stig. Stigagjöf fyrir boðsund er tvöföld á við einstaklingsgreinar en er miðuð við aldursflokkana 12 ára og yngri meistar og sveinar, 13-14 ára telpur og drengir og 15 ára opinn flokkur. Einungis ein sveit frá hverju félagi getur tekið stig í hverjum aldursflokki. Verði félög jöfn að stigum í heildarstigakeppni félaga skulu stig gefin fyrir boðsund ráða sæti félagana. Verði félög þá ennþá jöfn að stigum skal hlutkesti ráða röð félaga.

6. grein

Á AMÍ skal veita verðlaunapeninga fyrir fyrsta til sjötta sæti í einstaklingskeppni í áður nefndum flokkum. Sá Íslendingur sem á besta tímann í hverri grein í flokkum 11 ára og eldri, hlýtur sæmdartítilinn Aldursflokkameistari Íslands í þeirri grein. Í boðsundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sætið í aldursflokkunum 12 ára og yngri, 13-14 ára og 15 ára og eldri. .

Afreksverðlaun einstaklinga eru veitt þeim íslenskum keppendum sem ná bestum saman- lögðum árangri í tveimur greinum samkvæmt stigatöflu FINA í flokki pilta og stúlkna. Í flokki drengja og telpna eru teknar þrjár stigahæstu greinarnar og í flokki sveina og meylla skal reikna árangur úr 200 m fjórsundi, 400 m skriðsundi ásamt stigahæstu grein þar fyrir utan.

Allir sem taka þátt í mótinu 12 ára og yngri fá sérstaka viðurkenningu fyrir þátttöku sína.

7. grein

Greinaröðun og hlutar:

<p><i>Dagur 1</i> <i>Hluti 1</i> 1500 Skrið <i>Hluti 2</i> 800 Skrið 400 Fjósund Boðsund <i>Dagur 2</i> <i>Hluti 3</i> 200 Bringa 400 Fjósund <i>Hluti 4</i> 100 Skrið 200 Flug 400 Skrið Boðsund</p>	<p><i>Dagur 3</i> <i>Hluti 5</i> 100 Bak 400 Skrið <i>Hluti 6</i> 100 Bringa 50 Skrið 200 Bak 200 Fjósund Boðsund <i>Dagur 4</i> <i>Hluti 7</i> 100 Flug 200 Fjósund <i>Hluti 8</i> 100 Fjósund 200 Skrið 200 Skrið Boðsund 10x50 skrið mixed boðsund</p>
--	--

Í 10 x 50m blönduðu boðsundi má hvert lið hafa að hámarki tvo sundmann af hvoru kyni 15 ára eða eldri. Ekki eru settar takmarkanir á fjölda sundmanna úr öðrum aldursárgöngum. Félög sem ekki ná að setja saman blandaða boðsundssveit í þessari grein mega sameina krafta sína við önnur félög.

Í boðsundum má synda upp fyrir sig í aldursflokkum að því tilskyldu að boðsundssveitir séu skipaðir tveimur einstaklingum úr réttum aldursflokkum hið minnsta í flokkum 12 ára og yngri og 13 til 14 ára. 15 ára og eldri synda sem einn flokkur í boðsundum.

Félögum er heimilt að hafa sundfólk í boðsundssveitum sem ekki hafa náð einstaklingslágmörkum á AMÍ, en það verður að uppfylla aldurstakmarkanir.

Boðsundssveitum skal skipað á brautir miðað við stigastöðu félaga þegar kemur að boðsundsgreinum dagsins.

8. grein

Þátttökurétt hefur allt sundfólk sem skráð er í íslensk sundfélög og uppfylla skilyrði sem um getur í 3. grein hér að ofan. Að auki eiga íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis skráðir í félög erlendis þátttökurétt á mótinu í samræmi við reglur ÍSÍ og SSÍ um keppnis- og þátttökurétt. Stjórn SSÍ getur boðið erlendum félögum/sundmönnum til þátttöku í mótinu en gestir taka ekki verðlaun á mótinu nema SSÍ ákveði sérstök verðlaun fyrir erlenda sundmenn. Þeir keppendur sem þannig koma til keppni á AMÍ, keppa ekki um afreksverðlaun á mótinu.

Erlend sundfélög geta ekki tekið þátt í stigakeppni félaga.

9. grein

Tækni- og starfsmannafundi skal halda samkvæmt gildandi reglum SSÍ á hverjum tíma.

Greinargerð

Tillagan er frá Sundráði ÍRB.

Pingskjal 2015-15b - breytingartillaga

Legg til að varatillaga um aldursflokka verði lögð til grundvallar fyrir AMÍ 2015
Hörður J Oddfríðarson

Þingskjal 2015-15b - breytingartillaga

Leggur til að aldursflokkar verði eftirfarandi: 10 ára og yngri, 11 ára, 12 ára, 13 ára, 14 ára, 15 ára, 16 ára, 17 ára, 18 ára og eldri
Puríður Einarsdóttir

Þingskjal 2015-11

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. og 7. mars 2015

samþykkir meðfylgjandi tillögur til breytinga á lögum sambandsins. (ath! Breytingar einkenndar með rauðu)

5. grein

Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga *ásamt fulltrúum félaga* sem eiga aðild að SSÍ. *Hvert héraðssamband/íþróttabandalag má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag sem á skráða iðkenndur við næstu áramót fyrir sundþing, á rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka iðkenndur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 iðkenndur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda 1 fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja 50 keppendur eða brot úr þeirri tölu eftir það.*

~~Fjöldi fulltrúa sambandsaðila reiknast miðað við að hann eigi skráða iðkenndur í sundíþróttum, fjölda virkra keppenda í einstaklingsgreinum og fjölda keppenda í sundknattleik, við næstu áramót fyrir sundþing. Hver sambandsaðili má senda einn fulltrúa á sundþing. Að auki á sambandsaðili rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka keppendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 keppendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það.~~ Sundþing skal haldið annað hvert ár, á oddatöluári, jafnan í febrúar eða mars. Stjórn SSÍ boðar og staðfestir staðsetningu og fyrirkomulag sundþings með minnst 6 vikna fyrirvara. Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmeitt, ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmeitt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ. Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt er að halda sundþing á sömu dögum og íþróttþing eða formannafundur ÍSÍ fara fram. Þau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar í febrúar.

Greinargerð

Breyting á 5. grein laga SSÍ er tvenns konar, annars vegar fá félögin að senda fulltrúa á sundþing ásamt héraðssamböndum og íþróttabandalögum og svo er gerð breyting á hvernig fulltrúafjöldi félaga er fundinn út. Í gildandi lögum eru eingöngu fjöldi keppenda bak við fjölda þingfulltrúa en með breytingunni eru bæði iðkenndur og keppendur sem ráða fjölda þingfulltrúa. Þetta miðar að því að þau félög sem ekki hafa sent keppendur á mót eigi örugga fulltrúa á sundþingi og er liður í því að breikka hreyfinguna. Þetta gæti fjölgað mögulegum þingfulltrúum eitthvað.

7. grein

Dagskrá sundþings er:

1. Þingsetning – ávörp gesta.
2. Kjör kjörbréfanefndar.
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar.
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd.
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt.
6. Kosning starfsnefnda þingsins.
 - a) Fjárhagsnefnd
 - b) Laga- og leikreglnanefnd
 - c) Allsherjarnefnd
 - ~~d) Mótanefnd.~~
 - e) d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur.
7. Skýrsla stjórnar.
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga.
10. Afgreiðsla reikninga.
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda.
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda.
13. Nefndastörf.
14. Fjárhagsáætlun - afgreiðsla.
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna.
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum.
17. Kosningar. a) Kosning formanns til fjögurra ára á næsta sundþingi eftir Ólympíuleika. b) Kosning fjögurra stjórnarmanna á sundþingum sem haldin eru á oddatöluári til fjögurra ára. c) Kosning tveggja varamanna til næsta sundþings d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings
18. Önnur mál.
19. Þingslit.

Greinargerð

Tillaga um breytingu á 7. grein laga SSÍ miðar að því að fækka fastanefndum sundþings, þar sem málefni mótanefndar hér áður fyrr var fyrst og fremst mótadagskrá sambandsins sem samkvæmt breyttu vinnulagi og reglum SSÍ er unnin á annan hátt en áður, ásamt reglugerðum einstakra móta og fleiri málefni sem miðað við vinnulag í íþróttahreyfingunni á heima í Allsherjarnefnd eða Laga- og leikreglnanefnd. Með þessu er þó ekki komið í veg fyrir að sundþing geti skipað fleiri vinnunefndir hverju sinni eftir þörfum.

12. grein

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar staðfestir stjórn skipan í **eftirtaldar** starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður **yfirleitt** taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.

Aga og siðanefnd

Fræðslu- og kynningarnefnd

Kjörnefnd

Landsliðsnefnd

~~Móta tækni og dómara-nefnd~~ *Dómara-, móta- og tækninefnd*

Sundíþróttarnefnd

Þjálfaranefnd

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að taki til starfa

Stjórn ~~er heimilt að skipa skipar~~ nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt *stjórnar SSÍ á hverjum tíma*.

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ, án þess að gildandi séu sérákvæði.

Greinargerð

Tillaga um breytingu á 12. grein laga SSÍ miðar að því að setja Þjálfaranefnd með sem eina af fastanefndum sambandsins, ásamt því að heimila stjórn með skýrum hætti að mynda þær nefndir sem hún telur nauðsynlegar og getur mannað milli sundþinga. Þá er gerð nafnabreyting á einni nefnd í samræmi við venjur og hefðir Dómara-, móta- og tækninefndar. Einnig er kveðið skýrar að orðalagi í greininni.

Þingskjal 2015-12

61. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. og 7. mars 2015

samþykkir að eftirfarandi tillögur um breytingar á Almennum ákvæðum SSÍ. (ath! Breytingar með rauðu lettri)

7. grein - Veiting móta

Ef tvö eða fleiri aðildarfélög *SSÍ* sækja um að halda sama mót á vegum SSÍ skal stjórn SSÍ ráða staðsetningu þess og er niðurstaða hennar endanleg. ~~Framkvæmdaaðili~~ *Mótshaldari* og SSÍ skulu ávallt gera með sér skriflegan samning um framkvæmd mótsins og skiptingu ~~tekna hagnaðar~~ og kostnaðar.

15. grein - Tímastaðlar

Stjórn SSÍ skal gefa út reiknireglu til að meta árangur milli eftirtalinna brautarlengda: 16 2/3 metra, 25 metra og 50 metra. Reiknireglur þessar skulu uppfærðar eftir þörfum við upphaf hvers sundtímabils. Umreiknaður tími skal merktur sérstaklega í skráningu *á mót*. Umreiknaður tími getur aldrei orðið betri en Íslandsmet í greininni í viðkomandi brautarlengd og skal í þeim tilfellum skrá umreiknaðan tíma amk 1/100 yfir gildandi meti.

18. grein - Skýrslur

Framkvæmdaaðilar *félagsmóta og mótshaldarar SSÍmóta* skulu senda SSÍ mótaskýrslu og útprentun úr tímatökutækjum. Einnig skulu úrslit mótsins berast til SSÍ á tölvutæku formi. Skýrsla um sundmót skal undirrituð af mótsstjóra og yfirdómara. Til þess að úrslit teljist gild þurfa framangreind gögn að hafa borist SSÍ innan sjö daga frá lokum móts. ~~Framkvæmdaaðilar~~ og skulu ~~birta~~ staðfest úrslit *birtast* innan sama tíma.

Greinargerð

Tillögur á þessum þremur greinum, 7., 15. og 18. Eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar til að texti þeirra verði skýrari.

25.grein – *Mótmæli og kærur*, Yfirdómnefnd móts (Jury of appeal)

25.1

Liðstjóri/þjálfari geta mótmælt/kært

- a) *ef lögum og reglum SSÍ um mótahald er ekki fylgt*
- b) *ef þær aðstæður skapast að það trufla keppni eða keppendur verulega*
- c) *ákvörðunum yfirdómara; engin mótmæli gegn „decisions of fact“ eru þó tekin til greina*

25.2

Mótmæli/kærur skulu afhentar

- a) *yfirdómara*
- b) *skriflega á eyðublöðum SSÍ*
- c) *af liðstjóra eða þjálfara félgas sem í hlut á*
- d) *ásamt kærufé að upphæð kr. 5000,00*
- e) *innan 30 mínútna frá því úrslit greinar/leiks eru birt*

Ef mótmæla á atriði sem á sér stað áður en keppni er hafin skal tilkynna um mótmæli áður en rásmerki er gefið

25.3

Öll mótmæli/kærur eru tekin fyrir af yfirdómara. Yfirdómari sem hafnar mótmælum/kærum, verður að gefa ástæður fyrir ákvörðun sinni. Þjálfari/liðstjóri getur skotið höfnun yfirdómara til Yfirdómnefndar, en niðurstaða hennar er endanleg.

25.4

Ef mótmælum/kærum er hafnað mun kærufé renna í sjóði SSÍ. Ef yfirdómari eða yfirdómnefnd samþykkja mótmæli/kæru er kærufé endurgreitt.

25.5

Á öllum mótum SSÍ starfar yfirdómnefnd skipuð þremur stjórnarmönnum SSÍ. Formaður SSÍ, *eða varaformaður í fjarveru formanns*, er jafnframt formaður yfirdómnefndar. Skal yfirdómnefnd úrskurða í ágreinings- og álitamálum sem upp koma á móti, í samræmi við reglur LEN og FINA og ef þau falla ekki beinlínis undir lögsögu annarra aðila í samræmi við samþykktir SSÍ og ÍSÍ. Yfirdómnefnd móts skal fjalla um öll mál sem upp kunna að koma varðandi slæma framkomu eða hegðun á öllum mótum SSÍ.

Úrskurðir yfirdómnefndar móts eru endanlegir.

25.6

Ef keppandi eða starfsmaður *á móti*, gerir sig sekan um ósæmilega hegðun að mati yfirdómara eða fulltrúa SSÍ og ekki vinnst tími til að taka á málinu meðan á móti stendur, getur viðkomandi sent skýrslu um málið til skrifstofu SSÍ innan 7 daga frá því að atvikið átti sér stað. SSÍ skal tilkynna viðkomandi félagi um atvik þau er varða keppendur, starfsmenn og/eða trúnaðarmenn viðkomandi félags og skal félagið taka málið til meðferðar og kynna stjórn SSÍ niðurstöðu sína innan þess frests sem hæfilegur getur talist. ~~Úrskurðir yfirdómnefndar móts eru endanlegir.~~ *Stjórn SSÍ sendir þau mál sem ekki fæst niðurstaða í með ofangreindum hætti til Aga- og síðanefndar.*

Greinargerð

Í breytingartillögu á 25.grein eru teknar og íslenskaðar reglur FINA um hvernig taka skuli við mótmælum og kærum á sundmótum og hlutverk aðila gert skýrara.

20. grein – *Félagsaðild og félagaskipti*

Sundfólk í almennri sundkeppni á aðild að sundfélögum/-deildum og tekur þátt í keppni í sundíþróttum undir merki þess félags. Félög senda sundfólk til keppni og bera ábyrgð í samræmi við það. Árangur sundfólks skal skrá á nafn þeirra undir merkjum þess félags sem þau tilheyra. Í garpaflökum má skrá sundfólk til keppni sem ekki tilheyrir félögum.

Félög geta/mega sameina krafta sína á mótum á eftirfarandi hátt;

- a) Félög geta starfað saman undir einu merki og sent sundfólk undir því merki til keppni á öll mót keppnistímabilsins. Félög þurfa að tilkynna stjórn SSÍ ákvörðun um slíkt samstarf amk einum mánuði áður en keppnistímabil hefst í upphafi samstarfs. Árangur sundfólks skráist þá undir sameiginlegt merki þeirra félaga sem starfa saman. Slitni upp úr samstarfinu skal tilkynna það minnst einum mánuði áður en næsta keppnistímabil hefst.*
- b) Félög geta sameinast um að senda lið til keppni þar sem fer fram stigakeppni liða. Það á við td um bikarkeppni og aldursflokkamót. Félög sem kjósa slíkt samstarf þurfa að tilkynna stjórn SSÍ það amk einum mánuði fyrir upphaf móts. Árangur einstaklingsins í keppninni skráist undir það félag sem hann tilheyrir en árangur í boðsundskeppni og stigakeppni liða undir sameiginlegt merki samstarfsfélaganna.*
- c) Félög geta sameinast um boðsundsveitir á einstökum mótum þar sem ekki fer fram stigakeppni félaga. Tilkynna þarf stjórn SSÍ um slíkt samstarf minnst einum mánuði fyrir upphaf móts. Árangur sveitar í boðsundi skráist undir samstarfsmerki félaganna.*

Keppandi getur skipt um félag hvenær sem er á keppnistímabilinu. Um leið missir hann keppnisrétt með því félagi sem hann hefur verið skráður í fram að því. Keppnisrétt öðlast hann með sínu nýja félagi þó ekki fyrr en 30 dögum eftir að tilkynning um félagaskipti hefur borist SSÍ. Tilkynna þarf öll félagaskipti skriflega til skrifstofu SSÍ. Tilkynningar ásamt staðfestingu á skuldlausri stöðu við fyrra félag þurfa að berast skrifstofu SSÍ á þar til gerðu eyðublaði/formi. Hafi viðkomandi einstaklingur ekki keppt á skráðu sundmóti undanfarin tvö ár, gerist ekki þörf að tilkynna félagaskipti. Póststimpill ábyrgðarbréfs, kvittun stjórnarmanns eða starfsmanns gildir sem dagsetning tilkynningar um félagaskipti. Stjórn SSÍ skal á næsta fundi staðfesta félagaskipti og færa til bókar. Keppandi sem er í félagaskiptaferli, má keppa sem gestur á opnum mótum og SSÍ mótum í þeim tilgangi einum að ná lágmarkum í landsliðsverkefni.

Greinargerð

Ath! Þessi texti um breytingar á 20 grein er ennþá í yfirlestri hjá laganefnd ÍSÍ og gæti því tekið breytingum

Sund er í sjálfu sér einstaklingskeppni en breytist í keppni liða þegar kemur að boðsundum og stigakeppnum. Í liðakeppni geta gilt önnur lögmál en í einstaklingskeppni. Það er ljóst að töluverður munur er á skilningi fólks innan hreyfingar á því hvað má og hvað ekki þar sem þetta tvennt blandast oft saman. Við eigum nokkur dæmi um velheppnað samstarf félaga innan sundhreyfingarinnar og á undanförunum mánuðum höfum við séð og heyrt ýmsar hugmyndir um hvernig hægt væri að stofna til samstarfs félaganna. Við höfum fengið tillögur frá Sundfélagi Hafnarfjarðar og Sundfélaginu Ægi ásamt ábendingum frá amk þremur öðrum í þessa veru. Mislengt hafa þessar tillögur og ábendingar gengið en þær áttu það allar sameiginlegt að samræmast ekki lögum og reglum SSÍ/ÍSÍ að öllu leyti. Þess vegna er hér gerð tilraun til að skilgreina félagsaðild sundfólksins ásamt réttindum þeirra og möguleika félaga til að hafa samstarf sín á milli. Þetta gæti haft töluverð áhrif á

möguleika minni félaga að ná saman boðsundssveitum og taka þátt í liðakeppninni og þar með breikkað hreyfinguna okkar.